

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 2008 í máli nr. S-953/2008:

Ákærvaldið

(Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari)

gegn

Jóni Ólafssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Hreggviði Jónssyni

(Kristinn Bjarnason hrl.)

Ragnari Birgissyni og

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Símoni Ásgeiri Gunnarssyni

(Gestur Jónsson hrl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfur ákærðu, er höfðað fyrir dóminum með ákæru ríkislögreglustjóra dagsettri 3. júlí 2008 á hendur Jóni Ólafssyni, kt. [...], 66 Canfield Gardens, London, NW6 3ED, Englandi, Hreggviði Jónssyni, kt. [...], Byggðarenda 13, Reykjavík, Ragnari Birgissyni, kt. [...], Kríunesi 14, Garðabæ og Símoni Ásgeiri Gunnarssyni, kt. [...], Holtsbúð 54, Garðabæ, fyrir eftirgreind brot:

I. Á hendur Jóni Ólafssyni vegna eigin skattskila

Fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum, með því að hafa skilað röngum skattframtölum á árunum 1999, 2000, 2001 og 2002 þar sem hann, vantaldi tekjur sínar sem skattskyldar eru samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 19. og 21. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, vantaldi á skattframtölum 1999, 2000 og 2002 fjármagnstekjur sínar, sem skattskyldar eru samkvæmt 3. og 4. tölulið C-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og vantaldi á skattframtölum sínum 2001 og 2002 eignarskattsstofna sína, sem skattskyldir voru samkvæmt 73. gr. laga nr. 75/1981 og hafa þannig komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars

framangreind ár samtals að fjárhæð kr. 155.125.083, greiðslu fjármagnstekjuskatts samtals að fjárhæð kr. 202.793.968 og greiðslu eignarskatts samtals að fjárhæð kr. 3.256.989 og sundurliðast eftir árum sem hér greinir:

1. Tekjuárið 1998 vantalið á skattframtali 1999

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 1999 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 165.092.525 og fjármagnstekjur sínar um samtals kr. 97.120.250 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 75.027.303 og fjármagnstekjuskatts að fjárhæð kr. 7.994.200 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

A. Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar greiðslur launa frá Skífunni hf., kt. 000000-0000, Spori ehf., kt. 000000-0000 og Íslenska útvarpsfélaginu hf., kt. 000000-0000, sem ákærði var stjórnarformaður fyrir, og innheimtar voru í nafni Inuit Enterprises Ltd., samkvæmt útgefnum reikningum félagsins, sem var aflandsfélag skráð á Bresku Jómfrúreyjum og í eigu ákærða.	kr.	31.705.791
b. Vantaldar tekjur í formi skattskyldra bifreiðahlunninda, samkvæmt mati Ríkisskattstjóra, vegna afnota ákærða af bifreiðinni VA 940 af Range Rover gerð, sem var í eigu Íslenska útvarpsfélagsins hf.	kr.	1.346.000
c. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Skífunnar hf. og Íslenska útvarpsfélagsins hf. á persónulegum útgjöldum ákærða vegna iðgjalds af	kr.	140.734

líftryggingu.		
d. Vantaldar tekjur í formi ávinnings ákærða af kaupum hans á 10 % eignarhlut sonar síns Kristjáns Jónssonar, kt. [...], í Skífunni hf., á undirverði, en kaupin voru gerð í nafni Inuit Enterprises Ltd. og ranglega tilgreind á skattframtali árið 1998.	kr.	131.900.000
Samtals:	kr.	165.092.525

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

Framtalinn tekjuskatts- og útsvarsstofn á skattframtali 1999:	kr.	600.000
Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	165.092.525
Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars:	kr.	165.692.525
Tekjuskattsstofn maka til útreiknings sérstaks tekjuskatts:	kr.	1.667.216
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 27,41:</i>	kr.	<i>45.416.321</i>
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,24:</i>	kr.	<i>18.623.840</i>
<i>Sérstakur tekjusk. 7,0 % á stofn hjóna yfir kr. 6.396.000:</i>	kr.	<i>11.267.462</i>
<i>Persónuafsláttur:</i>	kr.	<i>- 280.320</i>

Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:	kr.	75.027.303

B. Sundurliðun vantalinna fjármagnstekna og vangoldins fjármagnstekjuskatts

Vantalinn söluhagnaður af sölu ákærða á 50 % eignarhluta hans í Spori ehf. sem hann seldi Inuit Enterprises Ltd. samkvæmt kaupsamningi dags. 6. júlí 1998 á kr. 2.800.000 og síðan til Skífunnar ehf. samkvæmt kaupsamningi dags. 23. júlí 1998 á kr. 100.000.000, og skattleggja bar sem tekjur ákærða.	kr.	97.120.250
Söluhagnaður af öðrum eignarhlutum:	kr.	3.988.870
<i>Niðurfærsla söluhagnaðar á móti keyptum hlutabréfum</i>	kr.	- 21.167.123
Stofn til útreiknings fjármagnstekjuskatts	kr.	79.941.997
Vangoldinn fjármagnstekjuskattur 10 %	kr.	7.994.200

2. Tekjuárið 1999 vantalið á skattframtali 2000

Með því að vantalja á skattframtali sínu árið 2000 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 54.030.832, og fjármagnstekjur sínar um samtals kr. 1.945.303.411 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 23.661.480 og fjármagnstekjuskatts að fjárhæð kr. 194.530.341 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

A. Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar greiðslur launa frá Skífunni hf., Íslenska útvarpsfélaginu hf. og Fjölmíðlun hf., kt. [...], sem ákærði var stjórnarformaður fyrir, og innheimtar voru í nafni Inuit Enterprises Ltd. samkvæmt útgefnum reikningum félagsins.	kr.	52.309.855
b. Vantaldar tekjur í formi skattskyldra bifreiðahlunninda, samkvæmt mati Ríkisskattstjóra, vegna afnota ákærða af bifreiðunum VA 940 og T532 LLE af Range Rover gerð, þeirri síðartöldu staðsettri í Englandi, sem voru í eigu Íslenska útvarpsfélagsins hf.	kr.	1.632.077
c. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Íslenska útvarpsfélagsins hf. á persónulegum útgjöldum ákærða vegna iðgjalds af líftryggingu hans.	kr.	88.900
Samtals:	<i>kr.</i>	54.030.832

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

Framtalinn tekjuskatts- og útsvarsstofn á skattframtali 2000:	kr.	0
Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	54.030.832
Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars:	kr.	54.030.832

Tekjuskattsstofn maka til útreiknings sérstaks tekjuskatts:	kr.	250.000
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 26,41:</i>	kr.	14.269.543
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,99:</i>	kr.	6.478.297
<i>Sérstakur tekjusk. 7,0 % á stofn hjóna yfir kr. 6.555.900:</i>	kr.	3.340.746
<i>Persónuafsláttur:</i>	kr.	- 279.948
<i>Persónuafsláttur millifæranlegt frá maka 80%:</i>	kr.	- 147.158
<i>Vangoldin tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	kr.	23.661.480

B. Sundurliðun vantalinna fjármagnstekna og vangoldins fjármagnstekjuskatts

Vantaldar fjármagnstekjur ákærða af sölu hans á Skífunni ehf. sem hann gerði í nafni Inuit Enterprises Ltd. til Norðurljósa samskiptafélags hf. samkvæmt kaupsamningi félaganna dags. 13. júlí 1999.	kr.	1.945.303.411
<i>Vangoldinn fjármagnstekjuskattur 10 %</i>	kr.	194.530.341

3. Tekjuárið 2000 vantalið á skattframtali 2001

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2001 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 52.197.093, og eignir sínar um samtals kr. 291.191.200 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 22.689.134 og eignarskatts að fjárhæð kr. 1.564.251 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

A. Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar greiðslur launa frá Fjölmíðlun hf., sem ákærði var stjórnarformaður fyrir, og innheimtar voru í nafni Inuit Enterprises Ltd. samkvæmt útgefnum reikningum félagsins.	kr.	49.594.623
b. Vantaldar tekjur í formi skattskyldra bifreiðahlunninda, samkvæmt mati Ríkisskattstjóra, vegna afnota ákærða af bifreiðunum VA 940, SM 845 og T532 LLE af Range Rover gerð, þeirri síðastöldu staðsettri í Englandi, sem voru í eigu Íslenska útvarpsfélagsins hf.	kr.	2.502.455
c. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Íslenska útvarpsfélagsins hf. á persónulegum útgjöldum ákærða vegna iðgjalds af líftryggingu hans.	kr.	100.015
Samtals:	kr.	52.197.093

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

Framtalinn tekjuskatts- og útsvarsstofn á skattframtali 2001:	kr.	6.261
---	-----	-------

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	52.197.093
Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars:	kr.	52.203.354
Tekjuskattsstofn maka til útreiknings sérstaks tekjuskatts:	kr.	0
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 26,41:</i>	kr.	<i>13.786.906</i>
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,99:</i>	kr.	<i>6.259.182</i>
<i>Sérstakur tekjusk. 7,0 % á stofn hjóna yfir kr. 6.719.798:</i>	kr.	<i>3.183.849</i>
<i>Persónuafsláttur:</i>	kr.	<i>- 292.326</i>
<i>Persónuafsláttur millifæranlegt frá maka 85%:</i>	kr.	<i>- 248.477</i>
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	kr.	<i>22.689.134</i>

B. Sundurliðun vantalsins eignarskattsstofns og vangoldinn eignarskattur

a. Fasteign; 66 Canfield Gardens í London	kr.	197.220.400
b. Fasteign; 14 Aberdare Gardens í London	kr.	57.710.000
c. Fasteign; Villa Laurana 9 Chemin Araucarias 06400 Cannes	kr.	36.260.800

Samtals vantalin eignarskattsstofn á skattframtali 2001:	<i>kr.</i>	291.191.200
Eignarskattsstofn samkvæmt skattframtali:	<i>kr.</i>	- 67.103.683
Eignarskattsstofn samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	<i>kr.</i>	224.087.517
Vangoldinn eignarskattur 1,20 % af eignarskattsstofni hjóna yfir kr. 7.865.068 og sérstakur eignarskattur 0,25 % af stofni hjóna yfir kr. 10.554.116.	<i>kr.</i>	3.128.502
Vangoldinn hlutur ákærða af skattgreiðslu 50 %	<i>kr.</i>	1.564.251

4. Tekjuárið 2001 vantalið á skattframtali 2002

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2002 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 75.279.207, fjármagnstekjur sínar um samtals kr. 2.694.272 og eignir sínar um samtals kr. 233.481.200 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 33.747.166, fjármagnstekjuskatts að fjárhæð kr. 269.427 og eignarskatts að fjárhæð kr. 1.692.738 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

A. Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar greiðslur launa frá Fjölmíðlun hf. og Norðurljósum samskiptafélagi hf., kt. [...], sem ákærði var stjórnarformaður fyrir, og innheimtar voru í nafni Inuit Enterprises Ltd. samkvæmt reikningum félagsins.	<i>kr.</i>	67.786.429
b. Vantaldar greiðslur launa vegna stjórnarsetu ákærða fyrir	<i>kr.</i>	2.899.799

Kundkraft Sverige AB sem greiddar voru Inuit Enterprises Ltd. í tvennu lagi í júlí og nóvember 2001.		
c. Vantaldar tekjur í forni skattskyldra bifreiðahlunninda, samkvæmt mati Ríkisskattstjóra, vegna afnota ákærða af bifreiðunum SM 845 og T532 LLE af Range Rover gerð, þeirri síðartöldu staðsettri í Englandi, sem voru í eigu Íslenska útvarpsfélagsins hf.	kr.	2.586.070
d. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Íslenska útvarpsfélagsins hf. á persónulegum útgjöldum ákærða vegna iðgjalds af líftryggingu hans.	kr.	116.968
e. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Íslenska útvarpsfélagsins hf. á launum ráðskonu ákærða, Barbel Gamsu, í London.	kr.	1.889.941
Samtals:	kr.	75.279.207

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars

Framtalinn tekjuskatts- og útsvarsstofn á skattframtali 2002:	kr.	876.000
Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	75.279.207
Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars:	kr.	76.155.207

Tekjuskattsstofn maka til útreiknings sérstaks tekjuskatts:	kr.	0
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 26,08:</i>	kr.	19.861.277
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 12,70:</i>	kr.	9.671.711
<i>Sérstakur tekjusk. 7,0 % á stofn hjóna yfir kr. 7.730.000:</i>	kr.	4.789.764
<i>Persónuafsláttur:</i>	kr.	- 302.940
<i>Persónuafsláttur millifæranlegt frá maka 90%:</i>	kr.	- 272.646
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>33.747.166</i>

B. Sundurliðun vantalinna fjármagnstekna og vangoldins fjármagnstekjuskatts

Vaxtatekjur innheimtar í nafni Inuit Enterprises Ltd. með reikningi dags. 20.12.2001 gefnum út til Norðurljósa samskiptafélags hf. að fjárhæð USD 26.615,35.	kr.	2.694.272
<i>Vangoldinn fjármagnstekjuskattur 10 %</i>	<i>kr.</i>	<i>269.427</i>

C. Sundurliðun vantalins eignarskattsstofns og vangoldinn eignarskattur

a. Fasteign; 66 Canfield Gardens í London	kr.	197.220.400
b. Fasteign; Villa Laurana 9 Chemin Araucarias 06400 Cannes	kr.	36.260.800
Samtals vantallinn eignarskattsstofn á skattframtali 2002:	kr.	233.481.200
Eignarskattsstofn samkvæmt skattframtali:	kr.	37.698.400
Eignarskattsstofn samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	271.179.600
Vangoldinn eignarskattur 1,20 % og sérstakur eignarskattur 0,25 % af vantöldum eignarskattsstofni	kr.	3.385.477
Vangoldinn hlutur ákærða af skattgreiðslu 50 %	kr.	1.692.738

II. Á hendur Hreggviði Jónssyni vegna eigin skattskila

Fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum, með því að hafa skilað röngum skattframtölum á árunum 1998, 1999, 2000, 2001 og 2002, þar sem hann vantaldi tekjur sínar sem skattskyldar eru samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981, sbr. 19. og 21. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, og hafa þannig komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars framangreind ár samtals að fjárhæð kr. 24.168.970 og sundurliðast eftir árum sem hér greinir:

1. Tekjuárið 1997 vantalið á skattframtali 1998

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 1998 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 1.961.767 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr.

892.604 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar tekjur frá Íslenska útvarpsfélaginu hf. sem gefið var heitið endurmenntunarkostnaður og ákærði fékk greiddar með því að félagið greiddi reikninga vegna persónulegra útgjalda ákærða.	kr.	644.136
b. Vantaldar tekjur í formi skattskyldra bifreiðahlunninda, samkvæmt mati Ríkisskattstjóra, vegna afnota ákærða af bifreiðinni NZ 891, af Ford Explorer gerð, sem var í eigu Íslenska útvarpsfélagsins hf.	kr.	495.682
c. Vantaldar tekjur frá Íslenska útvarpsfélaginu hf., greiddar með afhendingu hlutabréfa fyrir 0,25% eignarhlut í félaginu til ákærða án endurgjalds og voru að nafnvirði kr. 761.000.	kr.	768.610
d. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Íslenska útvarpsfélagsins hf. á persónulegum útgjöldum ákærða vegna iðgjalds af líftryggingu hans.	kr.	53.339
Samtals:	kr.	1.961.767

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars gjaldaárið 1998

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	1.961.767

<i>Tekjuskattur, skattprósenta 29,31:</i>	kr.	574.994
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,19:</i>	kr.	219.522
<i>Sérstakur tekjuskattur 5,0 %:</i>	kr.	98.088
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	kr.	892.604

2. Tekjuárið 1998 vantalið á skattframtali 1999

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 1999 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 1.777.153 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 811.270 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar tekjur frá Íslenska útvarpsfélaginu hf. sem gefið var heitið endurmenntunarkostnaður og ákærði fékk greiddar með því að félagið greiddi reikninga vegna persónulegra útgjalda ákærða.	kr.	364.330
b. Vantaldar tekjur í formi skattskyldra bifreiðahlunninda, samkvæmt mati Ríkisskattstjóra, vegna afnota ákærða af bifreiðinni NZ 891, af Ford Explorer gerð, sem var í eigu Íslenska útvarpsfélagsins hf.	kr.	939.600
c Vantaldar tekjur frá Íslenska útvarpsfélaginu hf., greiddar með afhendingu hlutabréfa fyrir 0,25% eignarhlut í félaginu til ákærða án	kr.	426.160

endurgjalds og voru að nafnvirði kr. 761.000.		
d. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Íslenska útvarpsfélagsins hf. á persónulegum útgjöldum ákærða vegna iðgjalds af líftryggingu hans.	kr.	47.063
Samtals:	kr.	1.777.153

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars gjaldaárið 1999

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	1.777.153
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 27,41:</i>	kr.	487.118
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,24:</i>	kr.	199.752
<i>Sérstakur tekjuskattur 7,0 %:</i>	kr.	124.400
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	kr.	811.270

3. Tekjuárið 1999 vantalið á skattframtali 2000

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2000 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 34.185.917 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 15.520.406 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar tekjur frá Íslenska útvarpsfélaginu hf. sem gefið var heitið endurmenntunarkostnaður og ákærði fékk greiddar með því að félagið greiddi reikninga vegna persónulegra útgjalda ákærða.	kr.	1.076.457
b. Vantaldar tekjur í formi skattskyldra bifreiðahlunninda, samkvæmt mati Ríkisskattstjóra, vegna afnota ákærða af bifreiðinni NZ 891, af Ford Explorer gerð, sem var í eigu Íslenska útvarpsfélagsins hf.	kr.	773.802
c.1 Oftaldar tekjur frá Íslenska útvarpsfélaginu hf., greiddar með afhendingu hlutabréfa fyrir 1 % eignarhluta í félaginu til ákærða án endurgjalds og voru að nafnvirði kr. 3.046.000.	kr.	-90.880
c.2 Vantaldar tekjur frá Íslenska útvarpsfélaginu hf., greiddar með afhendingu hlutabréfa fyrir 0,25 % eignarhluta í Norðurljósum samskiptafélagi hf. að nafnvirði kr. 4.193.964.	kr.	7.149.702
c.3. Vantaldar tekjur frá Íslenska útvarpsfélaginu hf., greiddar samkvæmt samningi um skipti á 1,23 % eignarhluta ákærða í félaginu fyrir hlutfallslega jafn stóran, en verðmætari, eignarhluta í Norðurljósum samskiptafélagi hf.	kr.	20.049.947
d. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Íslenska útvarpsfélagsins hf. á persónulegum útgjöldum ákærða vegna iðgjalds af líftryggingu hans.	kr.	49.569
e. Vantaldar greiðslur launa frá Norðurljósum samskiptafélagi hf.	kr.	5.177.320

vegna greiðslna frammistöðubónusa og launamismunar og innheimt voru í nafni Ivy Consulting Ltd. samkvæmt útgefnum reikningum, en félagið var aflandsfélag skráð á Bresku Jómfrúreyjum og í eigu ákærða.		
Samtals:	kr.	34.185.917

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars gjaldaárið 2000

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	34.185.917
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 26,41:</i>	kr.	<i>9.028.501</i>
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,99:</i>	kr.	<i>4.098.891</i>
<i>Sérstakur tekjuskattur 7,0 %:</i>	kr.	<i>2.393.014</i>
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	kr.	<i>15.520.406</i>

4. Tekjuárið 2000 vantalið á skattframtali 2001

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2001 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 14.528.520 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 6.595.948 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar tekjur frá Íslenska útvarpsfélaginu hf. sem gefið var heitið endurmenntunarkostnaður og ákærði fékk greiddar með því að félagið greiddi reikninga vegna persónulegra útgjalda ákærða.	kr.	660.925
b. Vantaldar tekjur í formi skattskyldra bifreiðahlunninda, samkvæmt mati Ríkisskattstjóra, vegna afnota ákærða af bifreiðinni NZ 891, af Ford Explorer gerð, sem var í eigu Íslenska útvarpsfélagsins hf.	kr.	623.076
c. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Íslenska útvarpsfélagsins hf. á persónulegum útgjöldum ákærða vegna iðgjalds af líftryggingu hans.	kr.	54.567
d. Vantaldar greiðslur launa frá Norðurljósum samskiptafélagi hf. vegna greiðslna frammistöðubónusa og launamismunar og innheimt voru í nafni Ivy Consulting Ltd. samkvæmt útgefnum reikningum félagsins.	kr.	13.189.952
Samtals:	kr.	14.528.520

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars gjaldaárið 2001

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	14.528.520
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 26,41:</i>	kr.	3.836.982
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,99:</i>	kr.	1.741.970

<i>Sérstakur tekjuskattur. 7,0 %:</i>	kr.	1.016.996
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	kr.	6.595.948

5. Tekjuárið 2001 vantalið á skattframtali 2002

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2002 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 761.779 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 348.742 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun vantalinna tekna

a. Vantaldar tekjur frá Íslenska útvarpsfélaginu hf. sem gefið var heitið endurmenntunarkostnaður og ákærði fékk greiddar með því að félagið greiddi reikninga vegna persónulegra útgjalda ákærða.	kr.	764.835
b. Oftaldar tekjur í formi skattskyldra bifreiðahlunninda, samkvæmt mati Ríkisskattstjóra, vegna afnota ákærða af bifreiðinni NZ 891, af Ford Explorer gerð, sem var í eigu Íslenska útvarpsfélagsins hf.	kr.	-4.543
c. Vantaldar tekjur vegna greiðslu Íslenska útvarpsfélagsins hf. á persónulegum útgjöldum ákærða vegna iðgjalds af líftryggingu hans.	kr.	1.487
Samtals:	kr.	761.779

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars gjaldaárið 2002

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	761.779
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 26,08:</i>	kr.	198.672
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 12,70:</i>	kr.	96.746
<i>Sérstakur tekjuskattur 7,0 %:</i>	kr.	53.324
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	kr.	348.742

III. Á hendur Ragnari Birgissyni vegna eigin skattskila

Fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa skilað röngum skattframtölum á árunum 1999, 2000, 2001 og 2002, þar sem hann vantaldi tekjur sínar sem hann þáði frá Skífunni hf. í formi risnu, endurmenntunarstyrkja og launabónusa, sem skattskyldar eru samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981, sbr. 19. og 21. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, og hafa þannig komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars framangreind ár samtals að fjárhæð kr. 4.867.174 og sundurliðast eftir árum sem hér greinir:

1. Tekjuárið 1998 vantalið á skattframtali 1999

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 1999 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 1.045.000 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 477.043 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars gjaldaárið 1999

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	1.045.000
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 27,41:</i>	kr.	286.435
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,24:</i>	kr.	117.458
<i>Sérstakur tekjuskattur 7,0 %:</i>	kr.	73.150
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	kr.	477.043

2. Tekjuárið 1999 vantalið á skattframtali 2000

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2000 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 4.610.873 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 2.058.755 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars gjaldaárið 2000

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	4.610.873
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 26,41:</i>	kr.	1.217.732
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,24:</i>	kr.	518.262

<i>Sérstakur tekjuskattur 7,0 %:</i>	kr.	322.761
<i>Vangoldin tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>2.058.755</i>

3. Tekjuárið 2000 vantalið á skattframtali 2001

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2001 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 2.859.000 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 1.276.544 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars gjaldaárið 2001

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	2.859.000
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 26,41:</i>	kr.	755.062
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 11,24:</i>	kr.	321.352
<i>Sérstakur tekjuskattur 7,0 %:</i>	kr.	200.130
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>1.276.544</i>

4. Tekjuárið 2001 vantalið á skattframtali 2002

Með því að vantelja á skattframtali sínu árið 2002 launatekjur sínar og skattsstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 2.316.276 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, sérstaks tekjuskatts og útsvars að fjárhæð kr. 1.054.832 sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Sundurliðun útreiknings vangoldins tekjuskatts og útsvars gjaldaárið 2002

Vantaldar tekjur samkvæmt niðurstöðu rannsóknar:	kr.	2.316.276
<i>Tekjuskattur, skattprósenta 26,08:</i>	kr.	604.085
<i>Útsvar, útsvarsprósenta 12,46:</i>	kr.	288.608
<i>Sérstakur tekjuskattur 7,0 %:</i>	kr.	162.139
<i>Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	kr.	1.054.832

IV. Brot framin í rekstri Norðurljósa samskiptafélags hf.

Á hendur ákærða Jóni sem stjórnarformanni og ákærða Hreggviði sem framkvæmdastjóra Norðurljósa samskiptafélags hf. vegna eftirtalinna brota sem framin voru í rekstri félagsins:

1. Á hendur ákærðu Jóni og Hreggviði fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa í störfum sínum fyrir Norðurljós samskiptafélag hf. látið undir höfuð leggjast, að skrá félagið á launagreiðendaskrá, standa skil á skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir það og halda eftir, á árunum 1999, 2000 og 2001, og standa ríkissjóði skil á, staðgreiðslu opinberra gjalda af launum starfsmanna félagsins, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, af launagreiðslum til fjögurra stjórnarmanna

félagsins, þar á meðal ákærða Jóns, af launagreiðslum til ákærða Hreggviðs og af launagreiðslum félagsins til ráðskonu ákærða Jóns á árinu 2001. Greiðslur til eins stjórnarmannanna fjögurra, Sigurjóns Sighvatssonar, voru inntar af hendi samkvæmt reikningum gefnum út af félaginu Overseas Consulting Group Ltd., til ákærða Jóns samkvæmt reikningum gefnum út í nafni Inuit Enterprises Ltd. og ákærða Hreggviðs samkvæmt reikningum gefnum út í nafni IVY Consulting Ltd., en samtals námu hin vantöldu laun kr. 206.929.758 og vangoldin staðgreiðsla opinberra gjalda samtals kr. 76.375.185, og sundurliðast sem hér greinir:

Greiðslutímabil:

Vantaldar

Vangoldin

launagreiðslur

staðgreiðsla

Árið 1999					
júlí	kr.	4.685.760		kr.	1.724.263
ágúst	kr.	4.780.760		kr.	1.760.686
september	kr.	4.780.760		kr.	1.760.686
október	kr.	5.329.010		kr.	1.970.885
nóvember	kr.	4.704.260		kr.	1.731.356
desember	kr.	14.472.580		kr.	5.187.311
	kr.	38.753.130		kr.	14.135.187
Árið 2000					

janúar	kr.	4.764.760		kr.	1.755.981
febrúar	kr.	4.807.260		kr.	1.772.288
mars	kr.	4.794.260		kr.	1.767.300
apríl	kr.	5.388.541		kr.	1.959.123
maí	kr.	4.918.260		kr.	1.814.879
júní	kr.	6.060.258		kr.	2.253.064
júlí	kr.	5.367.160		kr.	1.987.122
ágúst	kr.	10.649.085		kr.	3.977.901
september	kr.	5.239.278		kr.	1.946.924
október	kr.	5.362.653		kr.	1.994.263
nóvember	kr.	5.575.803		kr.	2.076.049
desember	kr.	17.349.560		kr.	6.376.088
	kr.	80.276.878		kr.	29.680.982
Árið 2001					
janúar	kr.	5.497.087		kr.	2.042.680

febrúar	kr.	5.583.712		kr.	2.075.918
mars	kr.	5.632.537		kr.	2.094.652
apríl	kr.	6.476.887		kr.	2.382.880
maí	kr.	7.198.170		kr.	2.635.075
júní	kr.	6.966.693		kr.	2.606.568
júlí	kr.	6.981.094		kr.	2.612.093
ágúst	kr.	6.923.401		kr.	2.553.044
september	kr.	6.902.086		kr.	2.550.309
október	kr.	6.590.645		kr.	2.459.541
nóvember	kr.	6.759.062		kr.	2.522.667
desember	kr.	16.388.376		kr.	6.023.589
	kr.	87.899.750		kr.	32.559.016
	kr.	206.929.758		kr.	76.375.185

2. Á hendur ákærða Jóni fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum og lögum um ársreikninga, og á hendur ákærðu Jóni og Hreggviði fyrir meiri háttar bókhaldsbrot, með því að þeir létu á árinu 2001 ranglega gjaldfæra samtals kr. 25.764.619 sem kostnað í bókhaldi Norðurljósa samskiptafélags hf. sem var félaginu óviðkomandi og tengdist félögunum NLC Holding S.A., Tal Holding S.A. og Northern Light Communication S.A. öllum í Luxemborg, en ákærði Jón rangfærði ársreikning félagsins vegna ársins 2001 og skattframtal árið 2002, þar sem afkoma félagsins var sögð lakari sem nam hinni heimildarlausu gjaldfærslu og kom félaginu með þessu undan greiðslu tekjuskatts með því að uppsafnað tap í rekstri þess sem fluttist til síðari ára, var oftalið, en umræddar gjaldfærslur voru sem hér segir:

<i>Dags.</i>	<i>Gjaldfærsla varðar.</i>		<i>Fjárhæð</i>
13.07.2001	Tal Holding S.A.	kr.	701.333
09.11.2001	NLC Holding S.A	kr.	2.849.769
27.12.2001	Tal Holding S.A.	kr.	1.530.108
28.12.2001	Northern Light Communication S.A	kr.	510.960
28.12.2001	NLC Holding S.A	kr.	437.966
31.12.2001	NLC Holding S.A	kr.	19.734.483
<i>Samtals:</i>	<i>kr.</i>	<i>25.764.619</i>	

V. Brot framin í rekstri Skífunnar hf.

Á hendur ákærða Jóni sem stjórnarformanni og ákærða Ragnari sem framkvæmdastjóra Skífunnar hf. vegna eftirtalinna brota sem framin voru í rekstri félagsins:

1. Fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa í störfum sínum fyrir Skífuna hf., skilað röngum skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda og látið

undir höfuð leggjast að halda eftir, á árunum 1998, 1999, 2000 og 2001, og standa ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda af launagreiðslum félagsins, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, vegna greiðslna til ákærða Jóns samkvæmt útgefnum reikningum í nafni Inuit Enterprises Ltd. og vegna iðgjalda af líftryggingu ákærða Jóns sem greidd voru af félaginu og vegna greiðslna til ákærða Ragnars vegna risnu, endurmenntunarstyrkja og launabónusa, en samtals námu hinar vantöldu launagreiðslur kr. 29.473.615 og vangoldin staðgreiðsla opinberra gjalda samtals kr. 11.403.856, og sundurliðast sem hér greinir: [...]

2. Fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa í störfum sínum fyrir Skífuna hf. á árunum 1999, 2000 og 2001 skilað röngum virðisaukaskattsskýrslum þar sem vantalin var skilaskyldur virðisaukaskattur, sem standa þar skil á í samræmi við fyrirmæli í IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, þegar þeir oftöldu á virðisaukaskattsskýrslum félagsins kr. 914.093 innskatt af vörukaupum sem gerð voru í þágu ákærða Ragnars og vantöldu útskatt af fyrirframgreiðslu fyrir auglýsingar um kr. 9.052.800, en oftöldu á móti útskatt um kr. 368.971, en með þessu komu þeir félaginu undan að standa ríkissjóði skil á samtals kr. 9.597.922 sem sundurliðast sem hér greinir:

Uppgjörstímabil

Vangoldinn VSK

Árið 1999

Oftalinn innskattur

maí-júní	kr.	283.000	
júlí-ágúst	kr.	5.463	
september-október	kr.	55.028	
nóvember-desember 425.780	kr.	82.289	<i>kr.</i>

Árið 2000

september-október	kr.	226.012	
nóvember-desember 445.525	kr.	219.513	<i>kr.</i>

Árið 2001

janúar-febrúar kr. 42.788

Vantalinn útskattur

janúar-febrúar kr. 9.052.800

Oftalinn útskattur

nóvember-desember kr. - 368.971 kr.
8.726.617

Samtals: kr. 9.597.922

VI. Brot framin í rekstri Íslenska útvarpsfélagsins hf.

Á hendur ákærða Jóni sem stjórnarformanni, ákærða Símoni sem endurskoðanda og ákærða Hreggviði sem framkvæmdastjóra, frá 1. janúar 1998, Íslenska útvarpsfélagsins hf. vegna eftirtalinna brota sem framin voru í rekstri félagsins:

1. Á hendur ákærðu Jóni og Hreggviði fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa í störfum sínum fyrir Íslenska útvarpsfélagið hf. skilað röngum skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda og látið undir höfuð leggjast að halda eftir, ákærði Jón, á árunum 1996 og 1997, en ákærðu báðir á árunum 1998, 1999, 2000 og 2001, og standa ríkissjóði skil á, staðgreiðslu opinberra gjalda af launagreiðslum félagsins, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sem greiddar voru til þeirra sjálfra, þriggja stjórnarmanna og þrettán annarra starfsmanna félagsins. Vegna greiðslna til ákærða Jóns samkvæmt útgefnum reikningum í nafni Inuit Enterprises Ltd., vegna greiðslna félagsins á líftryggingariðgjöldum fyrir ákærðu, vegna afnota þeirra af bifreiðum í eigu félagsins, greiðslna til ákærða Hreggviðs í formi hlutabréfa og ýmissa annarra aukagreiðslna til starfsmanna félagsins og ákærða Hreggviðs sem haldið var utan skattskila og meðal annars var gefið heitið endurmenntunastyrkir, ferðakostnaður, greiðslur vegna sjálfstæðrar starfsemi og frammistöðubónusar, en hin vantöldu laun námu samtals kr. 117.123.937 og vangoldin staðgreiðsla opinberra gjalda samtals kr. 42.976.104 og sundurliðast sem hér greinir:

Greiðslutímabil:

*Vantaldar
launagreiðslur*

*Vangoldin
staðgreiðsla*

1996					
janúar	kr.	46.103		kr.	13.273
febrúar	kr.	46.103		kr.	13.273
mars	kr.	46.104		kr.	13.273
apríl	kr.	46.104		kr.	13.273
maí	kr.	46.104		kr.	13.273
júní	kr.	46.104		kr.	13.273
júlí	kr.	46.104		kr.	13.273
ágúst	kr.	46.104		kr.	13.273
september	kr.	46.104		kr.	13.273
október	kr.	46.104		kr.	13.273
nóvember	kr.	46.104		kr.	13.273

desember	kr.	978.603		kr.	404.363
		1.485.745			550.366
1997					
janúar	kr.	1.057.162		kr.	335.608
febrúar	kr.	1.356.909		kr.	458.168
mars	kr.	1.127.856		kr.	364.531
apríl	kr.	1.127.856		kr.	364.531
maí	kr.	1.127.856		kr.	364.531
júní	kr.	1.196.849		kr.	392.736
júlí	kr.	1.841.194		kr.	597.262
ágúst	kr.	1.264.550		kr.	415.215
september	kr.	1.261.942		kr.	414.149
október	kr.	1.264.550		kr.	415.215
nóvember	kr.	1.261.942		kr.	414.149

desember	kr.	5.691.661		kr.	2.225.018
		19.580.327			6.761.113
1998					
janúar	kr.	2.524.298		kr.	904.702
febrúar	kr.	2.557.064		kr.	907.949
mars	kr.	2.481.776		kr.	885.108
apríl	kr.	2.628.002		kr.	942.165
maí	kr.	2.525.066		kr.	902.000
júní	kr.	2.490.633		kr.	888.564
júlí	kr.	8.063.671		kr.	3.063.163
ágúst	kr.	2.465.956		kr.	878.935
september	kr.	2.437.362		kr.	867.778
október	kr.	2.418.783		kr.	860.528

nóvember	kr.	2.448.934		kr.	872.293
desember	kr.	6.204.993		kr.	2.337.907
	kr.	39.246.538		kr.	14.311.092
1999					
janúar	kr.	2.389.017		kr.	844.250
febrúar	kr.	2.693.813		kr.	957.075
mars	kr.	2.683.644		kr.	953.176
apríl	kr.	2.874.436		kr.	1.026.325
maí	kr.	19.885.771		kr.	7.548.471
júní	kr.	2.764.525		kr.	984.186
júlí	kr.	402.336		kr.	150.780
ágúst	kr.	402.336		kr.	150.780
september	kr.	399.454		kr.	149.675
október	kr.	402.336		kr.	150.780

nóvember	kr.	399.454		kr.	149.675
desember	kr.	3.202.179		kr.	1.224.239
	kr.	38.499.301		kr.	14.289.412
2000					
janúar	kr.	468.057		kr.	179.593
febrúar	kr.	254.682		kr.	97.721
mars	kr.	326.498		kr.	125.277
apríl	kr.	596.092		kr.	228.721
maí	kr.	452.886		kr.	173.772
júní	kr.	398.319		kr.	152.835
júlí	kr.	398.319		kr.	152.835
ágúst	kr.	398.319		kr.	152.835
september	kr.	398.319		kr.	152.835
október	kr.	398.319		kr.	152.835

nóvember	kr.	398.319		kr.	152.835
desember	kr.	4.132.335		kr.	1.585.577
	kr.	8.620.464		kr.	3.307.671
2001					
janúar	kr.	342.505		kr.	132.755
febrúar	kr.	342.505		kr.	132.755
mars	kr.	342.505		kr.	132.755
apríl	kr.	342.505		kr.	132.755
maí	kr.	343.992		kr.	133.331
júní	kr.	342.505		kr.	132.755
júlí	kr.	342.505		kr.	132.755
ágúst	kr.	342.505		kr.	132.755
september	kr.	342.505		kr.	132.755
október	kr.	342.505		kr.	132.755

nóvember	kr.	342.505		kr.	132.755
desember	kr.	5.922.520		kr.	2.295.569
	kr.	9.691.562		kr.	3.756.450
	kr.	117.123.937		kr.	42.976.104

2. Á hendur ákærðu Jóni og Hreggviði fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa í störfum sínum fyrir Íslenska útvarpsfélagið hf., sem áður hét Fjölmiðlun hf., ákærði Jón á árinu 1997, og ákærðu báðir á árunum 1998, 1999, 2000 og 2001, skilað, á neðangreindum uppgjörstímabilum, röngum virðisaukaskattsskýrslum þar sem vantalinn var skilaskyldur virðisaukaskattur sem standa þar ríkissjóði skil á, í samræmi við fyriræli í IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, þegar á virðisaukaskattsskýrslum þess var vantalinn virðisaukaskattur af sölu auglýsinga sem Fjölmiðlun hf. afhenti Plastos hf., sem síðar fékk heitið Plast, miðar og tæki ehf., á framangreindum árum samkvæmt samkomulagi milli Fjölmiðlunar hf. og Plastos hf. frá 11. apríl 1996, en með þessu komu þeir félaginu undan að standa ríkissjóði skil á virðisaukaskatti samtals að fjárhæð kr. 5.998.706 sem sundurliðast sem hér greinir:

Uppgjörstímabil

Vangoldinn

virðisaukaskattur

Árið 1997

janúar-febrúar

kr. 418.967

mars-apríl

kr. 244.375

maí-júní
1.554.906

kr. 891.564

kr.

Árið 1998

janúar-febrúar	kr.	50.445	
mars-apríl	kr.	418.729	
maí-júní	kr.	33.180	
júlí-ágúst	kr.	177.439	
september-október	kr.	274.337	
nóvember-december 1.349.067	kr.	394.937	kr.

Árið 1999

júlí-ágúst	kr.	70.016	
nóvember-december 644.933	kr.	574.917	kr.

Árið 2000

janúar-febrúar	kr.	117.221	
mars-apríl	kr.	331.168	
maí-júní	kr.	39.311	
júlí-ágúst	kr.	159.881	
september-október	kr.	458.987	
nóvember-december 1.182.028	kr.	75.460	kr.

Árið 2001

janúar-febrúar	kr.	886.376	
----------------	-----	---------	--

mars-apríl
1.267.772

kr. 381.396

kr.

Samtals:
5.998.706

kr.

3. Á hendur ákærðu Jóni og Símoni fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa skilað röngum skattframtölum fyrir Íslenska útvarpsfélagið hf. gjaldaárin 1998, 1999, 2000, 2001 og 2002, sem ákærði Símon gerði, og á hendur ákærða Hreggviði fyrir sömu brot vegna gjaldaáranna 1998, 1999, 2000 og 2001, þar sem tekjur félagsins, sem skattskyldar eru samkvæmt B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981, voru vantaldar og frádráttarbær gjöld þess oftalin um samtals kr. 632.799.206 og hafa með þessu komið félaginu undan greiðslu tekjuskatts, með því að skattstofnar þess urðu of lágir sem þessu nam og uppsafnað tap í rekstri þess framangreind ár, sem fluttist til síðari ára, var oftalið, en rangfærslurnar sundurliðast sem hér segir, en lýsing a-liðar nær ekki til brota ákærða Símonar;

a) Vantaldar tekjur á skattframtölum Íslenska útvarpsfélagsins hf. 1998 – 2002 samtals kr. 24.484.506 vegna sölu félagsins á auglýsingum til Plastos hf., sem síðar hét Plast, miðar og tæki ehf., sem birtar voru í miðlum félagsins samkvæmt samkomulagi milli Fjölmíðlunar hf. og Plastos hf. frá 11. apríl 1996 í tengslum við afhendingu Plastos hf. á fasteigninni Krókhálsi 6 til Fjölmíðlunar hf.

b) Vantaldar tekjur á skattframtali Íslenska útvarpsfélagsins hf. gjaldaárið 2002 kr. 192.209.998 sem var framreiknaður hagnaður af sölu félagsins á hlutabréfum í Islandia hf. sem gerð var rekstrarárið 1999 og félagið frestaði skattlagningu á árið 2000, með heimild í 5. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og bar að telja fram til skatts, en gerði ekki, á skattframtali 2002 enda hafði félagið ekki keypt hlutabréf í stað hinna seldu.

c) Á skattframtali Íslenska útvarpsfélagsins hf. árið 1998 var í heimildarleysi nýtt uppsafnað rekstrartap Íslenska sjónvarpsins hf. að fjárhæð kr. 291.325.416 og Íslenska myndversins hf. (áður Íslenska útvarpsfélagsins hf.) að fjárhæð kr. 94.736.516, en félögin höfðu á árinu 1997 runnið saman við Íslenska útvarpsfélagið hf., og á skattframtali árið 1999 var í heimildarleysi nýtt rekstrartap Nýja Íslenska símafélagsins hf. að fjárhæð kr. 10.137.736 sem hafði á árinu 1998 runnið saman við Íslenska útvarpsfélagið hf., og nýttist til lækkunar á skattstofnum og leiddi til hækkunar á yfirfæranlegu rekstrartapi Íslenska útvarpsfélagsins hf.

d) Á skattframtölum 1999 – 2002 voru rekstrargjöld félagsins oftalin þegar afskrifaðar voru skattalega, án heimildar, skuldbindingar Íslenska útvarpsfélagsins hf. vegna Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. að höfuðstól kr. 38.232.815 sem skýrt var sem „neikvætt eigið fé Ísl. Sj.“ og vegna Íslenskrar margmiðlunar hf. að höfuðstól kr. 7.511.986 sem skýrt var „keypt nafn og rétt ÍM“ í bókhaldi en félögin runnu saman við Íslenska útvarpsfélagið hf. á árinu 1997 en samtals námu hinar offærðu

skattalegu fyrningar sem féllu til á framangreindum árum kr. 19.905.034.

Töluleg sundurliðun framangreindra liða a) – d)

Skattframtal	1998	1999	2000	2001	2002
a) -Liður	6.346.555	5.506.394	2.632.376	4.824.604	5.174.577
b)-Liður					192.209.998
c) -Liður	386.061.932	10.137.736			
d) -Liður		4.574.481	4.831.109	5.033.049	5.466.395
Rangfært kr.	392.408.487	20.218.611	7.463.485	9.857.653	202.850.970

VII. Heimfærsla til refsíákvæða

Brot allra ákærðu teljast varða við:

1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig;

a) 1. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því er varðar, brot ákærða Jóns samkvæmt I. kafla, Hreggviðs samkvæmt II. kafla og Ragnars samkvæmt III. kafla, og brot ákærða Jóns samkvæmt 2. tölulið, IV. kafla og brot ákærða Jóns og Hreggviðs samkvæmt 3. tölulið, VI. kafla ákæru,

b) 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, að því er varðar, brot ákærða Jóns samkvæmt stafliðum A, í 1. – 4. tölulið, I. kafla, ákærða Hreggviðs samkvæmt II. kafla og ákærða Ragnars samkvæmt III. kafla ákæru,

c) 1. mgr., sbr. 5. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður 1. mgr., sbr. 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því er varðar brot ákærða Símonar samkvæmt b. – d. liðum, 3. töluliðar, VI. kafla ákæru,

d) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar brot ákærða Jóns og Hreggviðs samkvæmt 1. töluliðum, IV og VI. kafla ákæru, ákærða Jóns og Ragnars samkvæmt 1. tölulið V. kafla ákæru,

e) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar, brot ákærðu Jóns og Ragnars samkvæmt 2. töluliði, V. kafla og brot ákærðu Jóns og Hreggviðs samkvæmt 2. tölulið, VI. kafla ákæru.

Brot ákærðu Jóns og Hreggviðs samkvæmt 2. tölulið IV. kafla ákæru teljast auk þess varða við:

2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig;

a) 36. gr., sbr. 3. tölulið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995, að því er varðar brot ákærðu Jóns og Hreggviðs samkvæmt 2. tölulið IV. kafla ákæru,

b) 120. gr., sbr. 2. mgr. 121. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, sbr. áður 82. gr., sbr. 2. tölulið 1. mgr. 83. gr. laga nr. 144/1994, sbr. 3. gr. laga nr. 37/1995, að því er varðar brot ákærða Jóns samkvæmt 2. tölulið IV. kafla ákæru.

Er þess krafist af hálfu ákæruvalds að ákærðu verði dæmdir til refsingar fyrir framangreind brot.

Verjendur allra ákærðu krefjast þess að máli þessu verði vísað frá dómi og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði felldur á ríkissjóð.

Ákæruvald krefst þess að frávísunarkröfum verjenda ákærðu verði hafnað og að málið verði tekið til efnismeðferðar.

Málið var flutt um frávísunarkröfur verjenda 2. desember sl.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hóf 21. febrúar 2002 rannsókn á skattskilum ákærða Jóns Ólafssonar og bókhaldi og skattskilum Norðurljósa, samskiptafélags hf., Skífunnar hf. og Íslenska útvarpsfélagsins hf. Samkvæmt gögnum málsins var ákvörðun um rannsóknina tekin af eigin frumkvæði skattrannsóknarstjóra á grundvelli heimilda í 2. mgr. 102. gr. A laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. nú 2. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003 og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. og 3. tl. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 373/2001 um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna. Tók rannsóknin til árána 1996 til 2001 og byggði á athugun á skattframtölum ákærða Jóns og allmargra lögaðila sem hann var talinn tengjast í gegnum eignaraðild og/eða stjórnun. Við þá athugun vaknaði grunur hjá skattrannsóknarstjóra um að skattframtöl ákærða og framangreindra lögaðila væru röng; að því er ákærða varðaði hafi ekki verið gerð réttilega grein fyrir tekjum hans, eignum og söluhagnaði eigna, en að því er lögaðilana varðaði að á hafi skort að viðhlítandi grein hafi verið gerð fyrir greiðslum á starfstengdu endurgjaldi vegna stjórnarformennsku og annarra starfa ákærða í þágu lögaðilanna.

Í bréfi skattrannsóknarstjóra til ríkislögreglustjóra 30. desember 2003 er gerð grein fyrir því að eftir að formleg rannsókn skattrannsóknarstjóra hófst hafi komið í ljós að ástæða var til að mun fleiri atriði í bókhaldi og/eða skattskilum ákærða, ákærðu Hreggviðs Jónssonar og Símonar Ásgeirs Gunnarssonar og framangreindra lögaðila sættu rannsókn. Hafi skattrannsóknarstjóri ríkisins 23. október 2002 formlega hafið rannsókn á skattskilum ákærða Hreggviðs Jónssonar vegna tekjuáranna 1997 til 2001, en við rannsókn á bókhaldi og skattskilum Norðurljósa, samskiptafélags hf., Skífunnar hf. og Íslenska útvarpsfélagsins hf. hafi komið í ljós gögn sem hafi bent til þess að ákveðnir starfsmenn þeirra, þ.m.t. ákærði Hreggviður, hafi þegið launagreiðslur án þess að haldið væri eftir staðgreiðslu opinberra gjalda af þeim launagreiðslum eða gert grein fyrir þeim í launauppgjöri til skattfyrvalda. Fram kemur að rannsókn skattrannsóknarstjóra á máli ákærða Jóns Ólafssonar hafi lokið með skýrslu dagsettri 29. september 2003, eftir að ákærða hafi í tvígang verið veittur frestur til að andmæla frumskýrslum skattrannsóknarstjóra. Á sama hátt hafi lokið rannsókn á máli Skífunnar hf. með gerð skýrslu dagsettri 15. október 2003. Rannsókn á máli Norðurljósa, samskipta félags hf. hafi lokið með gerð skýrslu dagsett 24. október 2003 og rannsókn í máli Íslenska útvarpsfélagsins hf. hafi lokið með gerð skýrslu dagsett 17. nóvember 2003. Rannsókn á máli ákærða Hreggviðs hafi lokið með gerð skýrslu 15. september 2003.

Með bréfum skattrannsóknarstjóra ríkisins; dagsettu 25. nóvember 2003 til ákærða Jóns Ólafssonar, dagsettu 26. nóvember 2003 til ákærða Hreggviðs Jónssonar, dagsettu 27. nóvember 2003 til stjórna Norðurljósa, samskiptafélags hf., Skífunnar hf. og Íslenska útvarpsfélagsins hf. og dagsettu 10. desember 2003 til ákærða Símonar Ásgeirs Gunnarssonar, hafi hlutaðeigandi verið tilkynnt um fyrirhugaða ákvörðunartöku um refsimeðferð í málum þeirra og þeim gefinn kostur á andsvörum. Hafi bréf borist frá þessum aðilum 1., 8., 9. og 19. desember 2003. Í framangreindum bréfum hafi komið fram það viðhorf að ekki væri ástæða til að hlutast til um refsimeðferð í málum þeirra. Af hálfu ákærða Hreggviðs og framangreindra lögaðila er tekið fram að fallist skattrannsóknarstjóri ekki á að væntanleg refsing ríkisskattstjóra í formi álags við endurákvörðun skattstofna skattaðila sé nægjanleg viðbótarrefsing sé þess óskað að málum félaganna verði

vísað til yfirskattanefndar. Í svarbréfi frá verjanda ákærða Símonar er lýst þeirri ósk að málið verði sent lögreglu til opinberrar rannsóknar verði tekin ákvörðun um að hlutast til um refsimeðferð á málinu. Með bréfi 30. desember 2003 vísaði skattrannsóknarstjóri ríkisins málefnum ákærðu Jóns Ólafssonar, Hreggviðs Jónssonar og Símonar Ásgeirs Gunnarssonar til lögreglu til opinberrar rannsóknar.

Með bréfum dagsettum 30. september, 28. október og 24. nóvember 2003 voru skýrslur skattrannsóknarstjóra ríkisins sendar ríkisskattstjóra vegna ákærðu Jóns Ólafssonar og Hreggviðs Jónssonar og lögaðilanna Norðurljósa, samskiptafélags hf., Skífunnar hf. og Íslenska útvarpsfélagsins hf., vegna heimildar ríkisskattstjóra til endurákvörðunar opinberra gjalda og virðisaukaskatts.

Með úrskurði ríkisskattstjóra 30. desember 2003 var ákærða Jóni Ólafssyni gert að sæta endurákvörðun opinberra gjalda vegna gjaldáranna 1998 og 1999. Leiddi sú endurákvörðun til lækkunar skatts vegna gjaldársins 1998 en hækkunar vegna gjaldársins 1999. Með úrskurði ríkisskattstjóra 22. september 2004 voru opinber gjöld ákærða Jóns vegna gjaldáranna 1999, 2000, 2001 og 2002 endurákvörðuð og sættu þau hækkun. Ákærði skaut álagningu opinberra gjalda vegna ofangreindra gjaldára til yfirskattanefndar varðandi nánar tilgreind atriði og kvað nefndin upp úrskurð sinn í málinu 26. apríl 2006. Var kærinni vísað frá yfirskattanefnd, en framsend ríkisskattstjóra til meðferðar varðandi kröfu um frestun niðurfærslu söluhagnaðar hlutabréfa.

Með úrskurði ríkisskattstjóra 26. október 2005 var kveðið á um skattbreytingar til hækkunar fyrir gjaldárin 1999, 2000, 2001 og 2002 á opinberum gjöldum, tryggingargjaldi og staðgreiðslu vegna lögaðilans Norðurljósa, samskiptafélags hf.

Með úrskurði ríkisskattstjóra 29. desember 2004 var kveðið á um skattbreytingar til hækkunar fyrir gjaldárin 1999, 2000, 2001 og 2002 á opinberum gjöldum, virðisaukaskatti og staðgreiðslu vegna lögaðilans Skífunnar hf.

Með úrskurði ríkisskattstjóra 30. desember 2003 var kveðið á um skattbreytingar til hækkunar fyrir gjaldárin 1998 og 1999 á tekjuskatti lögaðilans Íslenska útvarpsfélagsins hf. Með kæru 29. mars 2004 skaut Íslenska útvarpsfélagið hf. endurákvörðun opinberra gjalda lögaðilans gjaldárin 1998 og 1999 til yfirskattanefndar. Kvað yfirskattanefnd upp úrskurð sinn í málinu 20. júlí 2005 þar sem fallist var á tiltekinn frádrátt vegna yfirfærðs rekstrartaps en að öðru leyti var kröfum kæranda vísað frá nefndinni eða hafnað. Með úrskurði ríkisskattstjóra 30. desember 2005 endurákvörðuði ríkisskattstjóri tekjuskattsstofn lögaðilans Íslenska útvarpsfélagsins hf. gjaldárið 2000. Loks var með úrskurði ríkisskattstjóra 29. mars 2006 kveðið á um skattbreytingar til hækkunar fyrir gjaldárin 1998, 1999, 2000, 2001 og 2002 á opinberum gjöldum, virðisaukaskatti, tryggingargjald og staðgreiðslu vegna lögaðilans Íslenska útvarpsfélagsins hf.

Með úrskurði ríkisskattstjóra 31. desember 2003 var ákærða Hreggviði Jónssyni gert að sæta endurákvörðun opinberra gjalda vegna gjaldáranna 1998 og 1999. Leiddi sú endurákvörðun til hækkunar vegna beggja gjaldára. Með kæru 5. febrúar 2004 skaut ákærði endurákvörðun opinberra gjalda gjaldárin 1998 og 1999 til yfirskattanefndar. Kvað yfirskattanefnd upp úrskurð sinn í málinu 9. febrúar 2005 þar sem kveðið var á um tiltekna tekjuviðbót vegna afhendingar hlutabréfa

gjaldárið 1998 en að öðru leyti var kröfum kæranda hafnað. Með úrskurði ríkisskattstjóra 8. nóvember 2004 voru opinber gjöld ákærða vegna gjaldáranna 2000, 2001 og 2002 endurákvörðuð og sættu þau hækkun. Með úrskurði ríkisskattstjóra 30. desember 2005 voru opinber gjöld ákærða aftur endurákvörðuð til hækkunar vegna gjaldársins 2000. Með kæru 26. janúar 2005 skaut ákærði endurákvörðun opinberra gjalda gjaldárin 2000, 2001 og 2002 til yfirsattanefndar. Kvað yfirsattanefnd upp úrskurð sinn í málinu 31. maí 2006 þar sem kveðið var á um tiltekna tekjuviðbót vegna afhendingar hlutabréfa gjaldárið 2000 en að öðru leyti var kröfum kæranda hafnað.

Með bréfi skattrannsóknarstjóra ríkisins 11. desember 2002 var ákærða Ragnari Birgissyni tilkynnt um lok rannsóknar skattrannsóknarstjóra á tekju- og skattskilum ákærða vegna áranna 1997, 1998, 1999, 2000 og 2001. Fram kemur að tekin hafi verið ákvörðun um að senda gögn málsins ríkisskattstjóra til hugsanlegrar endurálagningar. Tekið var fram að ákvörðun yrði tekin síðar um hvort koma myndi til refsimeðferðar í máli ákærða. Með bréfi skattrannsóknarstjóra ríkisins 26. maí 2005 var ákærða tilkynnt um að skattrannsóknarstjóri hafi tekið þá ákvörðun að hlutast ekki til um refsimeðferð vegna máls ákærða. Væri máli ákærða því lokið hjá skattrannsóknarstjóra. Með úrskurði ríkisskattstjóra 23. júní 2003 voru opinber gjöld ákærða vegna gjaldáranna 1998, 1999, 2000 og 2001 endurákvörðuð til hækkunar.

Með bréfi verjanda ákærða Jóns Ólafssonar til héraðsdóms 14. mars 2006 var þess krafist með vísan til 75. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð oðinberra mála aðallega að viðurkennt yrði með dómi að skylt væri að fella niður rannsókn lögreglu á hendur ákærða á grundvelli kæru skattrannsóknarstjóra ríkisins dagsettri 30. desember 2003, en til vara var gerð krafa um að viðurkennt yrði með dómi að ríkislögreglustjóra væri skylt að víkja sæti við rannsókn málsins. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 4. maí 2006 var öllum kröfum ákærða hafnað. Skaut ákærði úrskurði héraðsdóms til Hæstaréttar Íslands með kæru 10. maí 2006. Með dómi Hæstaréttar Íslands 8. júní 2006 í máli nr. 248/2006 var hinn kærði úrskurður staðfestur.

Í þágu rannsóknar málsins var tekin skýrsla af ákærða Jóni Ólafssyni hjá ríkislögreglustjóra 9. mars 2006 vegna persónulegra skattskila hans. Var yfirheyrslu frestað í ljósi bókunar verjanda ákærða þar sem fram kom að þess væri krafist með vísan til 75. gr. laga nr. 19/1991 að rannsókn á hendur ákærða yrði felld niður. Ákærði var á ný boðaður til yfirheyrslu hjá lögreglu vegna sakarefnanna 14. júní 2006, en þá lá fyrir dómur Hæstaréttar í máli nr. 248/2006. Næst var tekin skýrsla af ákærða vegna sama sakarefnis hjá lögreglu 30. ágúst 2006. Ákærði var næst yfirheyrður hjá lögreglu 8. desember 2006 vegna sakarefnisins. Tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglu 31. ágúst 2006 en þá vegna stöðu hans sem fyrirvarsmanns Norðurljósa, samskiptafélags hf., Skífunnar hf. og Íslenska útvarpsfélagsins hf. vegna rekstraráranna 1997 til 2001. Aftur var tekin skýrsla af ákærða vegna þessa sakarefnis 8. desember 2006.

Tekin var skýrsla af ákærða Hreggviði Jónssyni hjá lögreglu 20. febrúar 2005 vegna persónulegra skattskila hans. Aftur var tekin skýrsla af ákærða vegna sakarefnisins 4. maí 2005. Á ný var tekin skýrsla af ákærða vegna sakarefnisins 8. september 2006 og loks 16. nóvember 2006. Tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglu 8. september 2006 en þá vegna stöðu hans sem fyrirvarsmanns

Norðurljósa, samskiptafélags hf., Skífunnar hf. og Íslenska útvarpsfélagsins hf. vegna rekstraráranna 1997 til 2001. Aftur var tekin skýrsla af ákærða vegna þessa sakarefnis 8. desember 2006 og 4. desember 2006.

Tekin var skýrsla af ákærða Ragnari Birgissyni hjá lögreglu 25. október 2006 vegna persónulegra skattskila og vegna stöðu hans gagnvart Norðurljósum, samskiptafélags hf., Skífunni hf. og Íslenska útvarpsfélaginu hf.

Ákærði Símon Ásgeir Gunnarsson gaf skýrslu hjá lögreglu 26. júlí 2006, 4. október 2006 og 12. október 2006.

II.

Ákærðu Jón Ólafsson, Hreggviður Jónsson og Ragnar Birgisson byggja allir frávísunarkröfur sínar í fyrsta lagi á því að vísa beri málinu frá dómi þar sem verið sé að ákvarða ákærðu refsingu á ný fyrir háttsemi sem þeim hafi þegar verið refsað fyrir og að þeir sæti endurtekinni opinberri rannsókn vegna sömu sakarefna. Þá byggja ákærðu, sem og ákærði Símon Ásgeir Gunnarsson, á því í öðru lagi að vísa beri málinu frá dómi á þeim grundvelli að ákærðu hafi ekki notið réttlátrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma. Loks byggja ákærðu allir á því í þriðja lagi að ákærðu hafi ekki við rannsókn og meðferð málsins notið reglunnar um að teljast saklaus uns sekt hafi verið sönnuð. Verður hér á eftir gerð grein fyrir vörnum ákærðu í þessu efni.

a.

Bann við nýrri málsmeðferð eða refsingu fyrir sömu háttsemi (Ne bis in idem).

Af hálfu ákærðu er á því byggt að tilgangur saksóknar í máli þessu sé að refsa ákærðu öðru sinni með dómi fyrir þá hina sömu háttsemi sem þeim hafi þegar verið gerð refsing fyrir með álagningu skattaálags en ríkisskattstjóri hafi endurávarðað ákærðu gjöld og í samræmi við lagafyrirmæli og lagaframkvæmd reiknað 25% álag á skattstofna í refsiskyni. Ekki verði séð af úrskurðarorðum hversu mikill hluti endurávarðaðra skatta sé refsialag samkvæmt 108. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt, áður 106. gr. skattalaga. Borgarar njóti verndar fyrir slíkri tvírannsókn og tvírefsingu vegna sömu háttsemi samkvæmt 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, þar sem borgurum séu áskilin réttlát málsmeðferð. Þáttur í réttlátri málsmeðferð sé að enginn borgari verði að undirgangast opinbera rannsókn og refsingu öðru sinni fyrir háttsemi sem honum hafi þegar verið refsað fyrir. Á því sé byggt að ákvæði 70. gr. stjórnarskrár og ákvæði 2. mgr. 138. gr. laga nr. 19/1991 skýrð í ljósi 1. mgr. 4. gr. viðauka nr. 7 við mannréttindasáttmála Evrópu útiloki rannsókn og refsingu öðru sinni. Viðurkennt sé að túlka beri hugtakið refsingu í 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka á sama hátt og í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hugtök eins og „refsing“ (punishment), „brot“ (offence), „sakamál“ (criminal proceedings) eða „sök sem á einhvern er borin“ (criminal charge) sæti samkvæmt fordæmisrétti

mannréttindadómstólsins sjálfstæðri túlkun án tillits til túlkunar hugtakanna í landsrétti viðkomandi ríkis.

Mannréttindadómstóllinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að skattálag eins og hér sé fjallað um teljist refsing í skilningi mannréttindasáttmála Evrópu. Dómstóllinn hafi og komist að þeirri niðurstöðu að refsíákvörðun stjórnvalds, svo sem skattaálag, teljist brot sem sýknað hafi verið af eða sakfellt fyrir í skilningi 4. gr. viðauka nr. 7. Reynt hafi á þessi ákvæði í málinu Rosenquist gegn Svíþjóð sem mannréttindadómstóllinn hafi fjallað um þegar til meðferðar hafi verið hvort kæra væri tæk til meðferðar. Þá sé vísað til dóms Hæstaréttar Noregs frá 3. maí 2002 í málinu nr. 2001/1527. Álitafnið hafi verið hvort vísa skyldi frá refsímáli þegar ákærða hafi verið gert að greiða skattaálag. Niðurstaðan hafi orðið sú að þær ákvarðanir stjórnvalda um refsikennd viðurlög, sem taldar yrðu falla undir 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, féllu einnig almennt innan marka 1. mgr. 4. gr. viðauka nr. 7 við mannréttindasáttmála Evrópu. Ætti það jafnt við hvort sem slík stjórnvaldsákvörðun kæmi á undan eða eftir dómi í opinberu máli.

Háttsemi ákærðu sem ákært sé vegna sé í meginatriðum skýrð eins í lögum um tekjuskatta og eignarskatta og í skattsvikaákvæðum almennra hegningarlaga, en háttsemin sé talin brjóta jafnt gegn þessum refsíákvæðum, enda séu þau efnislega samhljóða. Þau viðurlög, skattaálögin sem ákærðu hafi verið gert að þola, séu veruleg í öllum skilningi og nemi t.a.m. tæplega eitt hundrað milljónum króna í sektargreiðslur í tilviki ákærða Jóns Ólafssonar. Hafi sú refsing ekki einungis verið ákvörðuð heldur einnig framkvæmd en ákærðu hafi allir greitt allar sínar skattaskuldir, sbr. yfirlýsingar tollstjóra þar að lútandi.

Ekki sé um það að ræða að rannsókn rannsóknarlögreglu sé annað en það sem rannsakað hafi verið hjá skattrannsóknarstjóra og ríkisskattstjóri hafi gert ákærðu refsingu fyrir með skattaálagningu. Lögreglurannsóknin hafi í hvívetna beinst að sömu atriðum og rannsókn skattrannsóknarstjóra og hafi síðari rannsóknin verið endurtekning hinnar fyrri. Ákæran í málinu sé því byggð á þeim hinum sömu atriðum og rannsökuð hafi verið hjá skattrannsóknarstjóra og ákærðu gerð refsing fyrir með skattaálagningu.

Samkvæmt þessu hafi ákærðu þegar verið gerð refsing fyrir þá háttsemi sem rannsókn rannsóknarlögreglu beindist að og samkvæmt ákæru sé krafa ákæruvaldsins sú að þeim verði öðru sinni refsað fyrir sömu háttsemi. Ekki sé aðeins óheimilt að refsa ákærðu fyrir sama brotið tvívegis heldur sé og óheimilt að láta þá undirgangast öðru sinni opinbera rannsókn á háttseminni sem þegar hafi verið refsað fyrir. Rannsókn rannsóknarlögreglu hafi nú þegar leitt til útgáfu ákæru andstætt lögum enda slík ákæra óheimil. Slíkri ákæru sé skylt að vísa frá dómi þar sem dómstólum sé óheimilt að fjalla um efni ákærunnar.

Óumdeilt sé að ákvörðun ríkisskattstjóra um að beita ákærðu álagi samkvæmt 108. gr. skattalaga hafi ekki verið tekin af dómstól. Ekki skipti það þó máli hér og ekki skipti heldur máli hvort fyrst sé byrjuð opinber rannsókn vegna fyrirhugaðs dómsmáls eða hvort byrjað sé á opinberri rannsókn til að leggja grunn að refsíákvörðun stjórnvalds. Mannréttindadómstóllinn hafi túlkað það svo að ekki skipti máli hvort refsing sé ákvörðuð af stjórnvaldi eða dómstól og lúti nánast allir dómar dómstólsins á þessu sviði að því er fyrst sé ákveðin refsing af stjórnvaldi og síðan hefjist opinber rannsókn í því skyni að ákæra viðkomandi og krefjast

refsingar fyrir dómstólum.

Viðmið um það hvað teljist refsivert brot samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu sé að finna í dómi mannréttindadómstólsins í málinu Engel o.fl gegn Hollandi frá 8. júní 1976. Viðmiðin séu þrenns konar: Í fyrsta lagi hvernig háttsemi sé skilgreind í landsrétti, en það ráði þó ekki úrslitum. Í öðru lagi hvert sé raunverulegt eðli háttseminnar og í þriðja lagi hversu þungbær viðurlögin séu sem viðkomandi eigi á hættu að sæta.

Í málinu Västberga Taxi Aktiebolag og Vulic gegn Svíþjóð frá 23. júlí 2002 hafi mannréttindadómstóllinn tekið sérstaklega fram að 2. og 3. skilyrði væru valkvæð og því væri nægjanlegt til að 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu yrði virk að háttsemin væri í eðli sínu refsiverð í merkingu mannréttindasáttmála Evrópu eða að hún gæti leitt til þess að manni yrði gert að sæta viðurlögum sem féllu almennt undir svið refsiréttar vegna eðlis þeirra og alvarleika.

Lögð sé á það áhersla hér að ekki ráði það úrslitum hvernig háttsemi sé skilgreind í íslenskum rétti. Ennfremur verði að líta til þess hversu þungbær viðurlögin séu sem maður kunni að eiga á hættu að sæta, en í því máli sem hér sé til meðferðar hafi t.a.m. ákærða Jóni verið gert að greiða tæplega eitt hundrað milljón krónur í sekt og kröfur ákæruvaldsins séu um verulega refsingu umfram sektina. Þannig sé augljóst að skattaálagið samkvæmt 108. gr. skattalaga yrði talið refsing samkvæmt hinni svonefndu Engel viðmiðun og hefði því neikvæð efnisleg réttaráhrif þannig að frekari málsmeðferð á grundvelli laga um meðferð opinberra mála teldist útilokuð samkvæmt íslenskum rétti. Í því samhengi sé rétt að minna á að ákvæði 2. mgr. 138. gr. laga nr. 19/1991 segi að krafa sem dæmd sé að efni til verði ekki borin undir sama eða hliðsettan dóm að nýju framur en í lögumum segi og að nýjum málum um slíkar kröfur skuli vísað frá dómi. Samkvæmt þessu ákvæði sé það skilyrði fyrir neikvæðum efnislegum réttaráhrifum að fyrri ákvörðun sé tekin af dómstól og ákvæðið veiti því ekki þá sömu vernd og 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Síðastnefnda ákvæðið sé að sjálfsögðu efnislegt mannréttindaákvæði til verndar fyrir áþjám sem sá sem þegar hafi sætt refsingu verði að þola ef hann megi við því búast að öðru sinni hefjist opinber rannsókn á háttsemi hans í því skyni að ákæra hann og krefjast refsingar öðru sinni fyrir það sama. Mannréttindi þessi séu meðal hinna klassísku mannréttinda sem á stundum hafi verið nefnd fyrstu kynslóðar mannréttindi nánar tiltekið meðal borgarlegra mannréttinda. Uppruna ákvæðisins sé að finna í 7. tl. 14. gr. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966.

Samkvæmt dómum mannréttindadómstólsins og reyndar einnig Hæstaréttar Noregs skipti ekki máli hvort refsing í skilningi mannréttindasáttmála Evrópu sé fyrst ákvörðuð af stjórnvaldi og síðan af dómstól eða hvort refsing sé fyrst ákveðin af dómstól og síðan stjórnvaldi. Dómur mannréttindadómstólsins í málinu Rosenquist gegn Svíþjóð skipti máli í þessu sambandi. Því sé haldið fram að íslenskum dómstólum sé skylt að túlka ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu með þeim túlkunaraðferðum sem mannréttindadómstóllinn beiti og geti þeir ekki komist að annari niðurstöðu um ákvörðun ríkisskattstjóra en að um sé að ræða refsíákvörðun sem hafi neikvæð efnisleg áhrif og komi í veg fyrir að unnt sé að gefa út ákæru og krefjast refsingar öðru sinni fyrir dómstólum.

Þá sé og á það bent að Hæstiréttur Noregs hafi komist að sömu niðurstöðu með sömu rökum og að framan greinir í máli sem dómurinn kvað upp úrskurð í 3. maí 2002, en dóminn sé að finna í Rt. 2002, blaðsíðu 557. Réttarreglur í Noregi hafi lengst af verið sambærilegar við íslenskar lagareglur um skattaálag og refsingar fyrir skattalagabrot. Með dómi Hæstaréttar Noregs í ofangreindu máli hafi því verið slegið föstu að það væri brot á mannréttindum skattaðila að verða að sæta í upphafi skattaálagsi ákvörðuðu af stjórnvaldi að undangenginni rannsókn og síðan að þola rannsókn öðru sinni ásamt ákæru og málsmeðferð fyrir dómi. Hafi dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að líkur væru á því að stjórnvaldsákvörðun á borð við beitingu álags á vantalda skattstofna sem hefðu fyrst og fremst þann tilgang að refsa skattaðilum fyrir vanrækslu á að fylgja reglum skattalaga féllu undir ákvæði 4. gr. viðauka nr. 7 við mannréttindasáttmála Evrópu. Þá megi ráða af dómnum að hann líti svo á að þær ákvarðanir stjórnvalda um refsikennnd viðurlög sem teljist falla undir ákvæði 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu falli einnig almennt innan marka 4. gr. 7. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu.

Minnt sé á að í 2. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996 sé kveðið á um að lögregla skuli í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hafi undirgengist. Slíkri skyldu hafi lögreglustjóri brugðist og reyndar sniðgengið bæði landsrétt og þjóðréttarlegar skuldbindingar landsins með framgöngu sinni í málinu.

b.

Réttur til réttlátrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma.

Í 70. gr. stjórnarskrárinnar sé kveðið á um málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Sambærilegt ákvæði sé í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Opinber rannsókn hafi hafist gagnvart ákærða Jóni Ólafssyni 21. febrúar 2002, og öðrum ákærðu í framhaldinu. Rannsóknin hafi þá staðið um hríð hjá skattrannsóknarstjóra. Hafi ákærðu gefið skýrslur hjá skattrannsóknarstjóra á árinu 2002 og rannsókninni lokið 29. september 2003 gagnvart ákærða Jóni Ólafssyni og öðrum ákærðu um svipað leyti. Ákærði Jón hafi komið fyrir rannsóknarlögreglu í mars á árinu 2006, ákærði Hreggviður í febrúar 2005, ákærði Ragnar í október 2006 og ákærði Símon í júlí 2006. Hafi þá t.a.m. verið liðin tæp fjögur ár á milli síðustu skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra og upphafs skýrslutöku hjá ríkislögreglustjóra í tilviki ákærða Jóns Ólafssonar. Liðin hafi verið tvö ár og tveir mánuðir frá því málið hafi borist ríkislögreglustjóra þar til málið hafi verið tekið upp gagnvart ákærða Jóni Ólafssyni. Ekkert hafi gerst í millitíðinni sem máli skipti annað en álagning skattaálags 30. desember 2003 og 22. september 2004, en hvort tveggja hafi byggt á sömu rannsókninni án nokkurra rannsóknaraðgerða í millitíðinni. Ákærði Jón Ólafsson hafi gefið skýrslur hjá rannsóknarlögreglu frá í júní til desember 2006. Frá því ákærði Jón Ólafsson hafi síðast gefið skýrslu fyrir lögreglu þar til ákæra hafi verið gefin út á hendur honum hafi liðið eitt ár og sjö mánuðir og sé ekki vitað til að neinar rannsóknaraðgerðir á vegum stjórnvalda hafi farið fram á umræddum tíma. Málið hafi því dregist fyrst um tæp fjögur ár og síðan um eitt ár og sjö mánuði hjá ríkislögreglustjóra án aðgerða og án skýringa. Þá verði ákærðu ekki kennt um þennan drátt.

Rannsóknin hafi íþyngt ákærðu þessi rúmlega sex og hálf ár sem hún hafi staðið yfir. Málinu sé enn ekki lokið og verði ekki fallist á frávísunarkröfur og ákærvaldi heimiluð rannsókn fyrir dómi muni enn líða verulegur tími þar til lokadómur gangi eða að líkindum tvö ár. Verði þá liðin átta og hálf ár frá upphafi rannsóknar þar til máli lýkur. Óhjákvæmilegt sé að leggja saman þann tíma sem rannsóknin hafi tekið hjá skattrannsóknarstjóra og hjá ríkislögreglustjóra. Um rannsókn beggja gildi lög nr. 19/1991, sbr. lokaákvæði 103. gr. laga nr. 90/2003 og reglugerð nr. 804/2007 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota, sem sett hafi verið með heimild í 3. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 8. gr. lögregluglaga nr. 90/1996.

Verði málinu ekki vísað frá dómi og heimilað verði að reka málið efnislega fyrir dómi og rannsaka það þar hafi ákærðu mátt sæta broti á þeim mannréttindum sínum sem fólgin séu í réttinum til réttlátrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma. Í bréfi ríkissaksóknara til ríkislögreglustjóra dagsettu 20. nóvember 2006 komi fram afstaða ríkissaksóknara til dráttar á málsmeðferð. Í því máli hafi dregist að taka ákvörðun um hvort ákæra skyldi í máli á ný um eitt og hálf ár. Þann drátt hafi ríkissaksóknari talið óhæfilegan og því ekki réttmætt að halda málinu áfram. Byggist niðurstaða á þeirri afstöðu ákærvalds að ákærvald beri alltaf ábyrgð á því að máli sé haldið áfram með hæfilegum hraða. Telji ríkissaksóknari ekki skipta máli í því sambandi að dráttur á málsmeðferð hafi einungis að litlu leyti stafað af atvikum sem ákærvaldi yrði um kennt. Eitt og hálf ár frá því ákæru var vísað frá dómi sé of langur tími til þess að réttmætt geti verið að halda því áfram. Byggt sé á jafnræðisreglu í því efni að það sama verði að gilda um ákærðu og sakborning í því máli sem ríkissaksóknari tók ákvörðun um 20. nóvember 2006.

Í dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 234/1999 hafi verið fjallað um tveggja ára frest á því að gefa út ákæru. Hafi sá frestur verið kallaður vítaverður í dómi Hæstaréttar og sagður andstæður 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991. Drátturinn hafi ennfremur verið sagður í andstöðu við 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá hafi Hæstiréttur Íslands mótað reglu um réttaráhrif verulegs dráttar á málsmeðferð í opinberum málum í dómi réttarins frá 5. júní 2008 í máli nr. 385/2007. Nærri þrjú ár hafi liðið frá því rannsókn hófst þar til ákæra hafi verið gefin út og var í því tiltekna máli það ekki talið tilefni til að láta tafir á málsmeðferð leiða til frávísunar. Hafi drátturinn orðið öllu lengri verði dómur Hæstaréttar ekki skilinn öðruvísi en svo að Hæstiréttur hefði vísað málinu frá dómi. Þá hafi um sambærileg álitafni verið fjallað í dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 92/2007.

Sú réttlættingarástæða sem helst kæmi til álita fyrir ríkislögreglustjóra að bera fyrir sig sé að málið sé óvenjulega viðamikilið og flókið eða að ákærðu hafi valdið töfum á því með ámælisverðri háttsemi sinni. Málið sé hins vegar ekki flókið. Það hafi verið fullrannsakað þegar það hafi komið til ríkislögreglustjóra 30. desember 2003. Yfirheyrslur í málinu hafi farið fram á tímabilinu frá mars til desember 2006 eða á níu mánaða tímabili. Einungis níu mánuðir af fimmtíu og fjórum hafi verið notaðir til rannsóknar. Í fjórtíu og fimm mánuði eða í tæp fjögur ár hafi ekkert gerst hjá ríkislögreglustjóra í málinu og engin skýring komið fram á aðgerðarleysinu.

c.

Sakborningar hafa ekki notið reglunnar um að teljast saklausir uns sekt hafi verið sönnuð.

Í 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar segi að hver sá sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hafi verið sönnuð. Samskonar regla komi fram í 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þessa lögverndaða réttar hafi ákærðu, Jón Ólafsson, Hreggviður Jónsson og Ragnar Birgisson, ekki notið. Með því að skattfyrvöld hafi beitt ákærðu refsiviðurlögum með því að leggja 25% skattaálag á tekjur þeirra og eignir hafi þau tekið afstöðu til sektar þeirra. Forsenda og skilyrði skattaálagsins sé að þau hafi komist að þeirri niðurstöðu að þeir hafi brotið gegn tilteknum ákvæðum skattalaga og almennra hegningarlaga af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Ákærðu hafi verið gert að greiða 25% álag á meinta áætlaða vantalda skattstofna. Nemi álagið vegna hinna tilteknu ára tæplega 100 milljónum króna í tilviki ákærða Jóns Ólafssonar. Heimild til beitingar álags sé að finna í 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003. Þá hafi 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga verið breytt með lögum nr. 107. gr. laga nr. 129/2004. Ekki sé í 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 beinlínis getið um hugrænar ástæður, en það skýrist við athugun á 3. mgr. 108. gr. sömu laga. Kjarni ákvæðisins séu orðin „verði eigi kennt um“ og sé því við það miðað að álagi skuli því aðeins beita ef framtalsskyldur aðili hafi gerst sekur um ásetning eða gáleysi. Sönnunarbyrði sé þó þannig snúið við að skattaðili hafi sjálfur sönnunarbyrðina fyrir því að honum verði eigi kennt um annmarka á framtali. Ákvæðið miði því að því að gera þeim skattaðilum 25% álag sem kennt verði um annmarka á framtali en ekki þeim skattaðilum sem ekki verði kennt um annmarkana. Sönnunarbyrðin sé þó öfug og skattaðili þurfi að sanna sakleysi sitt að því leyti. Skattstjóri hafi þó ekki gefið ákærðu kost á að bæta úr annmörkum eða leiðréttast einstaka liði á framtali.

Fram komi í úrskurðum ríkisskattstjóra 30. desember 2003 og 22. september 2004 að ákærði Jón Ólafsson hafi ekki sýnt fram á að fella bæri niður álag og vísi til þess að ákærði hafi með margvíslegum hætti dulið tekju- og eignamyndun sína, hinar verulegu fjárhæðir undandreginna tekna, eðli þeirra og hversu víðtækar og langvarandi háttsemi um ræði er ríkisskattstjóri hafi beitt álagi samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003. Augljóst sé að ríkisskattstjóri beiti skattaálaginu vegna þess að hann telji ákærða hafa sýnt af sér ásetning. Þá sé tekið fram að rannsóknin hafi leitt í ljós að ákærði hafi leynt verulegri eigna- og tekjumyndun og gert ráðstafanir í því skyni að sniðganga ákvæði skattalaga. Ríkislögreglustjóri hafi talið brotið getað varðað við 262. gr. laga nr. 19/1940 en í því ákvæði sé skilyrði um ásetning eða stórfellt gáleysi á sama hátt og í ákvæði skattalaganna. Jafnframt sé það skilyrði að um sé að ræða meiriháttar brot gegn 1., 2. eða 5. mgr. 109. gr. skattalaga en í þeim ákvæðum sé skilyrði um ásetning eða stórkostlegt hirðuleysi sambærilegt við 2. og 3. mgr. 108. gr. sem beitt hafi verið í tilviki ákærða Jóns Ólafssonar. Vakin sé athygli á skilgreiningunni á hugtakinu meiriháttar verknaður í 3. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940 en meðal skilgreiningaratriða sé að brotið lúti að verulegum fjárhæðum. Til þess hafi þegar verið tekið tillit til við beitingu álags samkvæmt 108. gr. laga nr. 90/2003. Í kærðu skattrannsóknarstjóra segi að háttsemi ákærða vegna persónulegra skattskila hans

kunni að varða refsingu samkvæmt 109. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995.

Ekki sé dregið í efa að í íslenskri lagaframkvæmd kunni skattaðilar að hafa verið beittir refsíalagi samkvæmt 108. gr. laga nr. 90/2003 og að undangenginni opinberri rannsókn skattrannsóknarstjóra og síðan verið beittir refsingu með dómi að undangenginni rannsókn ríkislögreglustjóra. Vegna ákvæða stjórnarskrárinnar um réttláta málsmeðferð og ákvæða 4. mgr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu sé slíkt fyrirkomulag óheimilt og brot á mannréttindum skattaðila þar sem sami aðili sæti fyrst opinberri rannsókn og refsingu samkvæmt stjórnvaldsákvörðun og síðar opinberri rannsókn og hugsanlegri refsingu samkvæmt dómi.

Ekki sé unnt að ætlast til að ríkislögreglustjóri geti annast rannsókn á hendur ákærðu með hlutlægum hætti við þessar aðstæður. Enn síður sé unnt að ætlast til þess að ákærðu geti litið svo á að þeir muni njóta réttlátrar málsmeðferðar þegar svo standi á sem að framan sé lýst. Ákærðu njóti því ekki að því leyti þeirrar réttlátu málsmeðferðar sem þeim sé áskilin í 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Grundvallarreglan um réttláta málsmeðferð eigi ekki aðeins við um málsmeðferð fyrir dómstólum heldur og ekki síður við málsmeðferð fyrir skattrannsóknarstjóra og ríkislögreglustjóra við rannsóknir sem lúti reglum laga um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt þessu hafi skattyfirvöld komist að þeirri niðurstöðu þegar rannsókn ríkislögreglustjóra hafi byrjað að ákærðu hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi og beitt viðurlögum vegna þeirra. Ákærðu séu því af stjórnvöldum hliðsettum ríkislögreglustjóra álitnir sekir um þá háttsemi sem ríkislögreglustjóra sé ætlað að rannsaka. Við þær aðstæður sé óhjákvæmilegt að ríkislögreglustjóri leitist við að staðfesta að stjórnvöld hafi rétt fyrir sér um sekt ákærðu sem ákvörðuð hafi verið formlega með úrskurði æðstu stjórnvalda á skattasviði. Hafi ákærðu ekki getað vænst réttlátrar málsmeðferðar við þessar aðstæður. Sama megi segja um dómstóla. Þeir standi frammi fyrir því að stjórnvöld hafi þegar úrskurðað ákærðu seka um þau atriði sem þeim séu nú gefin að sök í ákæru. Sú refsing hafi þegar verið framkvæmd. Um hana hafi dómstólar ekki fjallað.

Þá felist t.a.m. í ummælum skattrannsóknarstjóra í bréfi til verjanda ákærða Jóns Ólafssonar 29. nóvember 2002 sú afstaða eða dómur að ákærði hafi borið ranglega og villandi fyrir skattrannsóknarstjóra við skýrslugjöf. Augljóst sé að sá sem ákveðið hafi að svo sé geti ekki annast rannsókn á hlutlægan hátt og kannað jafnt það sem sé til sektar eða sýknu. Ekki láti skattrannsóknarstjóri nægja að staðhæfa um þessi atriði heldur kveði hann upp dóm um að ákærði hafi vantalið tekjur og eignir á stórfelldan hátt. Með því taki skattrannsóknarstjóri sér vald sem hann hafi ekki. Hann fari ekki með dómsvald. Hlutverk hans sé aðeins að rannsaka skattamál á hlutlægan hátt og gæta þess sem sé til sektar og sýknu sakbornings. Því hlutverki hafi skattrannsóknarstjóri brugðist. Ríkisskattstjóri hafi talið sig bundinn af þessum dómi skattrannsóknarstjóra og gert ákærða refsingu í samræmi við það.

Ákærði Ragnar Birgisson byggir auk þess á því að skattrannsóknarstjóri hafi tilkynnt honum bréflega 26. maí 2005 að mál hans yrði ekki kært til lögreglu. Í því hafi falist bindandi afstaða gagnvart ákærða sem ákæruvald sé bundið við og hafi því ekki verið heimilt að gefa út ákæru á hendur honum vegna sömu háttsemi. Þá byggir ákærði varnir sínar einnig á því að verknaðarlýsing í ákæru að því er

ætluð brot í starfsemi Skífunnar hf. varði sé ófullnægjandi þar sem vantalin staðgreiðsla vegna ákærða sjálfs sé ekki tilgreind heldur innifalin í heildarupphæð sem samanstandi af reiknaðri staðgreiðslu af launum hans og því sem halda hafi átt eftir af greiðslum sem inntar hafi verið af hendi til Inuit Enterprises Ltd. en ákærvald telji að hafi verið launagreiðslur til ákærða Jóns Ólafssonar. Ekki komi fram í ákærinni að öll þessi gjöld hafi verið greidd til ríkissjóðs með viðurlögum sem ákveðin hafi verið af skattyfirvöldum.

Þá séu þrír ákærðu ákærðir fyrir brot framin í rekstri þriggja hlutafélaga. Ekki verði af ákæru annað ráðið en að á því sé byggt en að ákærðu beri hlutlæga refsíabyrgð á þeirri háttsemi sem þeim sé gefin að sök að því leyti. Virðist því vera á því byggt að um sé að ræða samsömun milli félaganna og ákærðu. Hafi félagunum og ákærðu áður verið gerð refsing með skattaálagi sem greitt hafi verið. Verði ákærðu því ekki gerð refsing vegna þeirra á grundvelli sjónarmiða um tvöfalda refsingu.

III.

Af hálfu ákærvalds er öllum kröfum og sjónarmiðum ákærðu hafnað.

a.

Tvöfalt refsincæmi (Ne bis in idem).

Ákærvald kveður það rétt sem fram hafi komið hjá ákærðu að í flestum tilfellum hafi ríkisskattstjóri lagt álag á vantalda skattstofna ákærðu. Heimild til þess sé að finna í 2. mgr. 108. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður 2. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt að því er varðar álag á vantalda stofna tekjuskatts, eignarskatts og fjármagnstekjuskatts. Þá sé heimilt að leggja álag á staðgreiðslu, sbr. 1. mgr. og 1. tl. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þá sé heimilt að leggja álag á virðisaukaskatt, sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Krafa ákærðu um frávísun málsins byggi á því að þar sem ákærðu hafi verið gert að greiða álag eftir framangreindum reglum hafi þeim í raun verið refsað þannig að ekki verði hafðar uppi frekari kröfur um refsingu á hendur þeim í þessu máli. Þá komi heldur ekki til greina að höfða mál á hendur þeim, hvoru tveggja með vísan til 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttinasáttmála Evrópu.

Með þessu ákvæði sé lagt bann við nýrri málsmeðferð eða refsingu fyrir sömu háttsemi. Viðfangsefnið hljóti því að lúta að því að leiða til lykta hvort álag samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 geti talist refsing (punished) sem lögð hafi verið á í refsímáli (tried in criminal proceedings) í skilningi 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka og 1. mgr. 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu og ef svo sé hvort refsimeðferð í opinberu máli að undangenginni álagningu álags sé heimil þrátt fyrir bann 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka mannréttinasáttmála Evrópu á grundvelli þess að um annað brot sé að ræða.

Að mati ákærvalds geti krafa um frávísun málsins frá dómi aldrei byggst eingöngu á þessum sjónarmiðum. Það sé augljóst að í IV. til VI. kafla ákæru sé lýst brotum sem framin hafi verið í rekstri tilgreindra lögaðila. Álag vegna þeirra brota hafi verið lagt á skattstofna lögaðilanna og það hafi lögaðilarnir greitt en ekki sakborningarnir. Hafi einhverjum verið refsað í skilningi 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu hafi það verið félögunum en ekki ákærðu. Komi því ekki til álita að leggja til grundvallar að með þessu hafi ákærðu verið refsað.

Þá verði frávísunarkrafa ákærða Símonar Ásgeirs ekki byggð á þessum grunni, enda séu brot hans samkvæmt 3. lið VI. kafla ákæru framin í rekstri Íslenska útvarpsfélagsins hf. og varði ekki persónuleg skattskil hans sjálfs og hvorki hafi verið lagt álag á hann vegna þeirra né hann greitt slíkt álag. Það sama eigi við um brot sem heimfærð séu undir 2. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940, sbr. tilgreind ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, enda hafi þar ekki heldur verið beitt neinu álagi.

Eftir standi að leiða til lykta hvort álag á vantalda skattstofna ákærðu Jóns Ólafssonar, Hreggviðs Jónssonar og Ragnars Birgissonar samkvæmt I. til III. kafla ákæru, með stoð í 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 sé þess eðlis að girt geti fyrir frekari málsmeðferð og refsingu.

Mannréttindadómstóllinn hafi túlkað ákvæði 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu svo að hann taki ekki eingöngu til hefðbundinna refsinga og málsmeðferðar fyrir dómi heldur taki hann undir ákveðnum kringumstæðum einnig til málsmeðferðar innan stjórnarsýslunnar og stjórnarsýsluviðurlaga. Í þessu máli sé úrlausnarefnið því að meta hvort álag samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 sé þess eðlis að það geti talist refsing í skilningi 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu og 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og ef svo sé hvort heimilt sé þrátt fyrir það að sækja mann til sakar og refsa honum aftur fyrir sama brot. Við mat á því sé rétt að skoða fordæmi mannréttindadómstólsins og hvernig meðhöndlun sambærilegrar álagsgreiðslu hjá hinum Norðurlöndunum hafi fengið að landsrétti og samkvæmt dómum mannréttindadómstólsins. Telji ákærvald að dómur í máli Rosenquist gegn Svíþjóð sé grundvallardómur um það viðfangsefni.

Í svokölluðu Engel máli, Engel o.fl. gegn Hollandi frá 8. júní 1976 hafi mannréttindadómstóllinn sett viðmið um hvaða viðurlög geti talist refsing í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í fyrsta lagi verði að líta til þess hvernig háttsemin sé skilgreind í landsrétti, þó það ráði ekki úrslitum. Í öðru lagi verði að meta raunverulegt eðli háttseminnar og í þriðja lagi verði að meta hversu þungbær viðurlögin séu sem sakborningur kunni að sæta. Í síðari dómsúrlausnum sínum hafi mannréttindadómstóllinn fjallað nánar um tengsl þessara viðmiða og vægi. Af Engel málinu og fleiri málum sem dómstóllinn hafi fjallað um hafi verið dregin sú ályktun að stjórnvaldsviðurlög geti talist refsing í skilningi 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu en sömu skýringu hafi verið beitt á hugtakinu refsingu í báðum þessum ákvæðum.

Í bókun sinni reki verjandi ákærða Jóns Ólafssonar dómafordæmi mannréttindadómstólsins og Hæstaréttar Noregs um mat á því hvort sambærilegt álag í norskum og sænskum skattalögum og getið er um í 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 teljist vera refsing í skilningi 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála

Evrópu. Í Noregi komi ákvæðið fram í §10-2 og §10-4 í Ligningsloven, nr. 24/1980. Greinarmunur sé gerður á álagi samkvæmt 1. másl. 1. mgr. §10-4 og 2. másl. sömu greinar þar sem bæði sé um mismunandi prósentur að ræða og 2. másl. 1. mgr. geri kröfu um að metið sé saknæmi verknaðar, hvort brot séu framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Í Svíþjóð sé um álag fjallað í 5 kafla þarlandra skattalaga, nr. 324/1990, 1§, 2§ og 4§.

Verjandi ákærða Jóns Ólafssonar reki efni dóms Hæstaréttar Noregs frá 3. maí 2002. Í því máli hafi dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að svokallaður „forhöyet tilleggsskatt“ samkvæmt norskum lögum um tekjuskatt sem nemi 60% á vantalda skattstofna teldist vera refsing í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við sáttmálann sem girti fyrir endurtekna málshöfðun og að sakborningi yrði gerð refsing í opinberu máli.

Í dómi Hæstaréttar Noregs í máli Rt. 2004, blaðsíðu 645 hafi verið gengið út frá því að hafi lægri álagsskatturinn, sem sé 30% ofan á undandreginn skatt samkvæmt 1. másl. 1. mgr. §10-4 í norskum tekjuskattslögum, verið lagður á girði það fyrir síðari refsimeðferð og álagningu refsingar vegna banns 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Í málinu hafi þó ekki verið fjallað sérstaklega um þetta, enda hafi það verið forsenda niðurstöðu réttarins að dómstólar skyldu við ákvörðun refsingar taka tillit til álags, enda yrði það ekki lagt á sérstaklega vegna banns 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu.

Ákærvald vísi sérstaklega til ákvörðunar mannréttindadómstólsins um málsmeðferð kærú í máli Rosenquist gegn Svíþjóð frá 14. september 2004. Vegna vanrækslu Rosenquist á að skila skattframtali fyrir tekjuárið 1991 hafi skattyfirvöld áætlað skatt á hann á gjaldárinu 1992 auk álags. Á árinu 1995 hafi verið framkvæmd húsleit hjá endurskoðanda Rosenquist og hafi í kjölfar húsleitarinnar komið upplýsingar um tekjur Rosenquist á árinu 1991 sem gefið hafi til kynna að tekjur hans hafi verið mun hærrí en áður nefnd áætlun hafi gert ráð fyrir. Í kjölfarið hafi skattyfirvöld endurákvæðað skatta Rosenquist auk álags, sem hafi numið 40% af skattstofni. Rosenquist hafi leitað til dómstóla og hafi málaleitan hans verið hafnað með dómi 28. október 1999. Í millitíðinni hafi Rosenquist verið ákærður 11. janúar 1999 fyrir skattsvik vegna vantalinna skatta og hann verið sakfelldur árið 2001. Hafi Rosenquist farið með málið fyrir mannréttindadómstóllinn og haldið því fram að hann hefði með ákvörðun skattyfirvalda um beitingu 40% álags á endurákvæðaða skattstofna á árinu 1995 og með dómi í sakamálinu á árinu 2001 sætt endurtekinni saksókn og verið refsað tvisvar vegna sömu háttsemi og hafi því verið brotið gegn 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmálann. Mannréttindadómstóllinn hafi komist að þeirri niðurstöðu með vísan til fyrri fordæma að sú málsmeðferð sem leitt hafi til álags á skattgreiðanda væri „criminal in nature for the purpose of the invoked provision“. Dómurinn hafi jafnframt sagt að þrátt fyrir þetta hafi ekki verið brotið gegn 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu þótt málið hafi síðar verið rannsakað af lögreglu og sá hinn sami hlyti dóm fyrir skattalagabrotið. Hafi dómurinn því komist að þeirri niðurstöðu að sænsk stjórnvöld hafi ekki brotið gegn 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Var það byggt á þeirri niðurstöðu að síðari málsmeðferð málsins hefði haft annan tilgang en fyrri meðferð þess. Annars vegar hafi verið um að ræða úrræði sem hafi verið ætluð til að tryggja grundvöll skattheimtu með því að leggja álögur á menn sem ekki standi skil á réttum skattframtölum, en hins vegar sé um að ræða refsingar fyrir brot gegn lögnum. Þá

hafi verið byggt á þeim röksemdum að álag skattfirvalda væri nánast lagt sjálfvirkt á þegar ranglega væri staðið að framtali og þyrfti ekki að sanna ásetning til brots né stórfellt gáleysi svo unnt væri að leggja álagið á, en í refsímáli væri ákært fyrir brot sem framið væri af ásetningi eða stórfelldu gáleysi og snúist rannsókn lögreglu meðal annars um að sanna huglæga afstöðu gerandans til brotsins. Ákærvald skilji þennan dóm þannig að þrátt fyrir að álag verði talið refsing, þrátt fyrir að í tengslum við álagningu þess hafi verið höfðað refsímál eða mál refsiréttarlegs eðlis (criminal in nature) brjóti það ekki gegn 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu að höfða síðar refsímál þar sem þessum tveim refsingum sé beitt á mismunandi forsendum og tilgangur þeirra sé ekki sá sami (purpose), auk þess sem skilyrði fyrir álagningu þessara refsinga, um sakarmat, séu í grundvallaratriðum önnur (the two offences in question were entirely separate and differed in their essential elements) þannig að í raun hafi verið um tvær mismunandi refsingar að ræða þar sem hvorug útilokar hina.

Í úrskurði Hæstaréttar Noregs frá 9. nóvember 2006 í máli Rt. 2006, blaðsíðu 1409 hafi Hæstiréttur Noregs komist að þeirri niðurstöðu að breyta dómaframkvæmd sinni í framhaldi af dómi mannréttindadómstólsins í máli Rosenquist gegn Svíþjóð. Í málinu hafi sakborningur látið hjá líða að skila skattframtali fyrir árin 1996 til 2001 og hafi skattar hans verið áætlaðir og lagt á hann venjulegt álag 30% (alminnelig tillegsskatt), sbr. 1. másl. 1. mgr. §10-4 í norsku tekjuskattslögum. Sakborningurinn hafi síðar í refsímáli verið sakfelldur fyrir gróf skattalagabrot vegna sömu ára og áfrýjað málinu til Hæstaréttar Noregs. Þar hafi hann borið því við að brotið væri gegn 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu og hafi hann krafist frávísunar málsins að hluta. Meirihluti Hæstaréttar hafi hafnað kröfu sakborningsins með tilvísun til dóms mannréttindadómstólsins í Rosenquist málinu og sjónarmiða um mismunandi tilgang þessara tveggja úrræða og mismunandi skilyrða fyrir beitingu þeirra þar sem refsíákvæðin byggja á sönnun á saknæmi.

Þá vísi ákærvald til þess að í framhaldi af dómi Hæstaréttar Noregs í framangreindu máli hafi ríkissaksóknari Noregs sent bréf til ákæranda þar sem túlkaður hafi verið framangreindur dómur Hæstaréttar Noregs frá 9. nóvember 2006. Leggi ríkissaksóknarinn til breytta framkvæmd ákærvalds í málum af þessum toga. Sé það niðurstaða hans að hið venjulega og lægra álag sem ekki geri kröfu til þess að metin sé sök hjá skattaðila girði ekki fyrir síðari málsókn og refsingu. Sé það niðurstaða hans að álagning hærra þrepsins 60% (forhøyet tillegsskatt) girði hins vegar fyrir síðari refsimeðferð máls enda byggji álagning þess á því að brot hafi verið framið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Framangreind ákvæði norsku og sænsku tekjuskattslaganna séu að mati ákærvalds um flest sambærileg því í 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 ef frá sé talið að um skylduákvæði sé að ræða í þeim norsku og sænsku en ekki hinum íslensku. Ástæða þess að álagning álagsins samkvæmt íslenskum lagaákvæðum sé ekki skyldubundin, en því hafi verið breytt í þá veru með lögum nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, sé skýrt í athugasemdum við 106. gr. frumvarpsins. Samkvæmt því liggi sömu sjónarmið að baki því að ekki sé lengur um skylduákvæði að ræða samkvæmt íslenska ákvæðinu og séu að baki þeim heimildum sem séu til að lækka og fella niður álagið samkvæmt norskum og sænskum lögum. Eini munurinn sé að sænsku og norsku lögum kveði skýrar á um hvaða skilyrði séu fyrir niðurfellingu eða lækkun álagsins á meðan það íslenska

lætur mat á þessu í hendur skattyfirvöldum sem séu þá bundin af lögum stjórnisýsluréttar um beitingu þeirra. Eins og komi fram í greinargerðinni sé ekki ætlunin með þessu að álaginu verði beitt á grundvelli sakarmats heldur sé hið gagnstæða áréttað. Breytingin frá því að hafa álagið skyldubundið yfir í heimildarákvæði sé því ekki tilkomið vegna þess að ætlunin sé að beitt sé mati á sök sambærilegu því sem í refsíákvæðum 109. gr. laga nr. 90/2003 og 262. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 skuli við ákvörðun refsingar draga frá frá sektarfjárhæð skatt af álagi samkvæmt 108. gr. Tilgangur þess ákvæðis sé skýrður í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 40/1978. Ekki njóti við skýrra fordæma sem skýri nákvæmlega beitingu þessarar reglu. Af greinargerðinni að dæma virðist sem tilgangurinn með ákvæðinu hafi verið sá að koma í veg fyrir að sakborningur sæti sekt sem margfeldi af skatti af álaginu sjálfu, heldur eingöngu þeim skatti sem sakborningur kæmi sér undan að greiða. Almennt sé það svo að sekt sé eingöngu ákvörðuð sem margfeldi af þeim skatti sem undan hafi verið dregin. Sakargiftir á hendur ákærði Jóni Ólafssyni, Hreggviði Jónssyni og Ragnari Birgissyni í köflum I. til III. í ákæru taki mið af þessu en þar sé sektargrundvöllur í málinu sá tekjuskattur sem undan hafi verið dreginn, en allt álag undanskilið.

Með vísan til alls framanritaðs telji ákæruvald ljóst að engar forsendur séu til að fallast á kröfur verjenda um frávísun málsins á grundvelli sjónarmiða um „ne bis en idem“.

b.

Tafir á meðferð málsins.

Í bókunum verjenda komi skilmerkilega fram helstu tímasetningar í meðferð málsins. Færð séu fyrir því rök með vísan til 133. gr. laga nr. 19/1991, 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að dráttur á meðferð málsins vegi að mannréttindum sakborninga sem eigi að leiða til þess að málinu verði vísað frá dómi. Ákæruvald kveðst viðurkenna að meðferð málsins hafi tekið óheppilega langan tíma.

Fjöldi dómafordæma Hæstaréttar Íslands séu fyrir því að tafir á meðferð máls hafi verið látnar leiða til mildunar refsingar í málinu. Engin dæmi séu til um að það hafi leitt til frávísunar máls. Dómar mannréttindadómstólsins verði ekki túlkaðir þannig að þar sé rökstuðningur fyrir frávísun máls af þessum sökum. Ekki sé viðeigandi að héraðsdómur í þessu máli taki upp nýja stefnu að þessu leyti eða breyti dómaframkvæmd enda séu dómafordæmi Hæstaréttar skýr um þetta atriði. Verði einnig að hafa í huga að frávísun máls hljóti í flestum tilfellum að byggjast á einhverjum atriðum sem varði formhlið máls eða einhver atriði sem komi í veg fyrir efnismeðferð þeirra eða raski jafnfræði aðila fyrir dómi.

Sem dæmi um dómsmál þar sem Hæstiréttur Íslands hafi haft uppi athugasemdir við drátt á meðferð skattamáls og afleiðingar þess megi benda á dóma Hæstaréttar í málunum nr. 111/2003 og 112/2003. Þessi mál hafi verið langt um umfangsminni og rannsókn afmarkaðri en í þessu máli. Minni ástæða sé til að telja drátt á meðferð þessa máls óeðlilegan eða í andstöðu við framangreind lagaákvæði. Meðferð Hæstaréttar sé skýr. Dráttur geti leitt til mildunar refsingar en hafi aldrei verið notuð sem rök fyrir frávísun máls. Þá vísi verjendur ákærðu til dóms Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 385/2007 og tiltekinna athugasemda í niðurlagi dómsins. Telji ákærvald verjendur leggja of mikið upp úr tilgreindum orðum í forsendum dómsins. Fyrning sé eina refsilokaástæðan sem til skoðunar komi og geti komið í veg fyrir sakfellingu vegna aldurs máls, en henni sé ekki til að dreifa í málinu. Þar fyrir utan ætti fyrning að leiða til sýknu en ekki frávísunar, sbr. 6. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940.

Sú fullyrðing að málið hafi verið fullrannsakað í lok árs 2003 þegar skattrannsóknarstjóri hafi kært málið til lögreglu sé röng enda augljóst af lestri málsins að niðurstöður skattrannsóknarstjóra hafi verið með miklum fyrirvörum og að yfirskattanefnd hafi í mörgum tilfellum breytt niðurstöðum ríkisskattstjóra eftir að rannsókn skattrannsóknarstjóra hafi lokið. Að auki megi sjá að fjöldi lögregluskýrsla liggja fyrir í málinu sem teknar hafi verið af starfsmönnum ríkislögreglustjóra auk yfirlita yfir niðurstöður af þeirri rannsókn.

c.

Ákærðu hafi ekki notið reglunnar um að teljast saklausir uns sekt sé sönnuð.

Ákærðu geri grein fyrir ýmsu við meðferð málsins hjá skattrannsóknarstjóra, ríkisskattstjóra og yfirskattanefnd sem bendi til þess að ákærðu hafi hlotið þá meðferð og mál þeirra þá umfjöllun að þeir hafi verið taldir sekir um hluta eða öll þau brot sem þeim hafi verið gefin að sök. Sé því haldið fram að mat á sök ákærðu sé forsenda álagningar 25% álags á skattstofna sem og að forsenda álagsins sé að þeir hafi af þessum yfirvöldum verið taldir hafa brotið gegn refsíákvæðum skattalaga. Þá séu rakin ummæli í bréfum skattrannsóknarstjóra þar sem fram sé talin komin afstaða til sektar ákærðu. Telji verjendur að skattrannsóknarstjóri geti ekki annast rannsókn á málum ákærðu með hlutlægum hætti undir þessum kringumstæðum og að ákærðu geti ekki litið svo á að þeir njóti réttlátrar málsmeðferðar.

Að mati ákærvalds geti meðferð skattyfirvalda á máli ekki haft áhrif á ákærvald og lögreglu við meðferð mála, enda séu ríkisskattstjóri og yfirskattanefnd og sú umfjöllun sem mál fái þar ekki undanfari refsimeðferðar máls. Meðferð þeirra sé lögbundin og ráðist af sönnunarreglum einkamálaréttarfars og sé á vettvangi stjórnáráðs. Um sönnun sektar megi líkja þeim við meðferð skaðabótakröfu í tengslum við einkamál. Eiginleg refsimeðferð eða álagning sektar hafi ekki átt sér stað hjá yfirskattanefnd heldur eingöngu endurálagning skatta með álagi.

Ekki verði séð að skattrannsóknarstjóri hafi á rannsóknarstigi lýst yfir sekt ákærðu umfram það að um meint brot sé að ræða. Í tengslum við niðurstöðu á rannsókn og kæru til ríkislögreglustjóra hafi skattrannsóknarstjóri lýst yfir þeirri niðurstöðu sinni að telja ákærðu seka. Lög geri ráð fyrir að skattrannsóknarstjóri rannsaki mál til að komast að niðurstöðu um hvort kæra eigi háttsemi, en lögregla sé ekki bundin af því mati frekar en afstöðu annarra kæranda opinberra mála. Að auki sé rétt að benda á að áralöng reynsla sé af meðferð mála með þessum hætti og hafi hún aldrei sætt aðfinnslum Hæstaréttar Íslands.

Vísað sé til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 92/2007 og þeirrar afstöðu verjenda að málinu hafi verið vísað dómi á grundvelli þess að sakborningar hafi ekki notið réttlátrar málsmeðferðar í skilningi 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þar hafi gölluð málsmeðferð varðað beint það mat hvort ákærðu yrðu taldir sekir um brot sín eða ekki. Í því máli sem hér sé til meðferðar sé ekkert því til fyrirstöðu að mál ákærðu fái sanngjarna málsmeðferð enda hafi þeir annmarkar að rannsókn málsins kunni að hafa tekið lengri tíma en æskilegt sé ekki skaðað vörn ákærðu í málinu þar sem það snerti ekki sönnun um sekt þeirra.

Álitamál sé hvort ákvarðanir skattrannsóknarstjóra bindi hendur ákærvalds í störfum sínum. Því sé haldið fram að þar sem skattyfirvöld hafi í máli ákærða Ragnars Birgissonar metið það svo að ljúka bæri því máli með endurálagningu skatta en kæra málið ekki til lögreglu sé það bindandi fyrir ákærvald varðandi framhald málsins.

Skattrannsóknarstjóri rannsaki mál og skuli hann gæta ákvæða laga nr. 19/1991 eftir því sem við á, einkum varðandi réttindi grunaðra manna, sbr. 7. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003. Ákvarðanir skattakerfisins sem geti lokið máli, aðrar en niðurfelling þess, séu háðar samþykki sakbornings, annars vegar sektargerð skatt rannsóknarstjóra, sbr. 2. mgr. 110. gr. laga nr. 90/2003 og hins vegar sektarmeðferð hjá yfirskattanefnd, sbr. 1. mgr. 110. gr. laganna. Endanlegar ákvarðanir skattkerfisins þar sem máli sé lokið með sektarrefsingu girði án efa fyrir frekari málsmeðferð og refsingu vegna sömu brota, sbr. 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Slíkar ákvarðanir hafi þó ekki verið teknar í neinu tilfelli í málinu.

Þrátt fyrir að skattrannsóknarstjóri gæti laga um meðferð opinberra mála við rannsóknir, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna, séu ákvarðanir hans ekki kærnlegar til ríkissaksóknara, hann fari ekki með ákærvald, embættið sé ekki lögregluembætti og eftirlit dómsmálaráðherra með framkvæmd ákærvalds samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laga nr. 19/1991 nái ekki til embættisins enda heyri embættið undir fjármálaráðherra. Sé því augljóst af þessum ástæðum að skattrannsóknarstjóri lúti í engu reglum 76. gr. og 112. gr. laga nr. 19/1991.

Augljóst sé að rannsókn skattrannsóknarstjóra hafi ekki þau markmið sem fram komi í 1. mgr. 67. gr. laga nr. 19/1991, heldur að gera embættinu kleift að ljúka máli í samræmi við þær heimildir sem embættið hafi, þ.e. stjórnsýslusektum eða kæru til lögreglu. Skipti þá engu þótt skattaðili njóti réttarstöðu sem grunaður maður eftir lögum nr. 19/1991 enda geti rannsókn skattrannsóknarstjóra ekki uppfyllt skilyrði 1. mgr. 67. gr. laga nr. 19/1991. Af öllu þessu athuguðu telji ákærvald ekki koma til greina að ákvæði 3. mgr. 76. gr. laga nr. 19/1991 verði

beitt með lögjöfnun um ákvarðanir skattrannsóknarstjóra.

Ákærði geti ekki byggt upp neinar væntingar eða traust um að ákvörðun skattrannsóknarstjóra um að kæra mál hans ekki til lögreglu séu bindandi fyrir ákærvaldið. Í skattalögum sé ekki að finna nein ákvæði sem gefi skattrannsóknarstjóra úrslitavald um meðferð máls eða takmarki vald ákærvaldsins á sviði skattarefsimála, eins og t.d. sé um Fjármálaeftirlitið, sbr. 1. mgr. 148. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Þá megi benda á dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 21/2008 þar sem meirihluti réttarins staðfesti úrskurð héraðsdóms um að heimila ríkislögreglu húsleit hjá skattrannsóknarstjóra sem krafist hafði verið til öflunar sönnunargagna sem skattrannsóknarstjóri hafi neitað að afhenda ríkislögreglustjóra. Samkvæmt dóminum sé það álit meirihluta að skattrannsóknarstjóri eigi ekki endanlegt ákvörðunarvald um hvort mál sæti opinberri rannsókn og ákæru heldur ákærvald. Þá megi benda á dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 392/2006, en augljóst sé af þeim dómi að heimild ákærvalds til að ákæra í skattarefsimálum ráðist ekki af því hvort skattrannsóknarstjóri hafi kært mál eða lýst yfir samþykki sínu fyrir slíkum aðgerðum. Loks sé bent á dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-871/2005.

Þá hafnar ákærvald því að verknaðarlýsing í ákæru að því er varðar brot ákærða Ragnars Birgissonar sé ábótavant.

Að því er varði tilvísun verjenda í mál Gunnars Arnars Kristjánssonar þá telji ákærvald afgreiðslu málsins ekki hafa fordæmisgildi þar sem allt önnur staða hafi verið uppi í því máli. Hafi máli Gunnars verið vísað frá dómi, sem ekki sé raunin í því máli sem hér sé til meðferðar. Verði að gera auknar kröfur til málshraða við afgreiðslu mála þegar þeim hafi verið vísað frá dómi. Þau sjónarmið fái stoð í lögjöf ríkja þar sem tiltekinn frestur sé gefinn til að gefa út nýja ákæru.

Niðurstaða:

Með rannsóknin sem hófst 21. febrúar 2002 rannsakaði skattrannsóknarstjóri ríkisins að eigin frumkvæði skattskil ákærðu og lögaðila sem þeim tengdust. Í upphafi tók hún til gjaldáranna 1997 til og með 2002, en var síðar að mestu afmörkuð við gjaldárin 1998 til 2002 að báðum árum meðtöldum. Lauk rannsókninni og vísaði skattrannsóknarstjóri ríkisins málinu í kjölfarið til rannsóknar ríkislögreglustjóra með heimild í 2. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. nú 4. mgr. 110. gr. laga nr. 90/2003 um sama efni, með kæru 30. desember 2003. Þá vísaði skattrannsóknarstjóri málinu einnig til meðferðar ríkisskattstjóra með bréfum 30. september, 28. október og 24. nóvember 2003. Niðurstöður skýrslu skattrannsóknarstjóra urðu tilefni þess að ríkisskattstjóri kvað upp úrskurði 30. desember 2003 og 22. september 2004 er vörðuðu skattskil ákærða Jóns Ólafssonar gjaldárin 1998 til og með 2002, úrskurði 31. desember 2003, 8. nóvember 2004 og 30. desember 2005 er vörðuðu skattskil ákærða Hreggviðs Jónssonar gjaldárin 1998 til og með 2002 og úrskurð 23. júní 2003 er varðaði skattskil ákærða Ragnars Birgissonar gjaldárin 1998 til og með 2001. Með þeim endurákvarðaði ríkisskattstjóri nánar tilgreinda skattstofna í skattframtölum ákærðu og beitti að auki á þá 25% álagi með heimild í 2. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981 og ákvæðum 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003, en síðastgreindu lög

leystu þau fyrri af hólmi.

Ákærði Jón Ólafsson vísað síðari úrskurði ríkisskattstjóra gagnvart sér til yfirsattanefndar, en nefndin kvað upp úrskurð sinn í málinu 26. apríl 2006. Með honum hafnaði yfirsattanefnd kröfum ákærða um niðurfellingu framangreinds 25% álags og vísaði jafnframt frá nefndinni kæru hans um niðurfærslu söluhagnaðar tiltekinna hlutabréfa og framsendi hana ríkisskattstjóra til meðferðar sem beiðni um endurupptöku á úrskurði ríkisskattstjóra 22. september 2004.

Ákærði Hreggviður Jónsson skaut fyrri úrskurði ríkisskattstjóra til yfirsattanefndar, sem kvað upp úrskurð sinn í málinu 9. febrúar 2005. Var í honum kveðið á um tiltekna tekjuviðbót vegna afhendingar hlutabréfa gjaldárið 1998 en að öðru leyti var kröfum ákærða hafnað. Þá skaut ákærði Hreggviður síðari úrskurði ríkisskattstjóra til yfirsattanefndar, sem kvað upp úrskurð sinn 31. maí 2006 þar sem kveðið var á um tiltekna tekjuviðbót vegna afhendingar hlutabréfa gjaldárið 2000 en að öðru leyti var kröfum ákærða hafnað. Með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 54/2008, sem upp var kveðinn 6. nóvember sl., var leyst úr kröfu ákærða Hreggviðs Jónssonar um að felldur yrði úr gildi eða breytt að hluta úrskurður yfirsattanefndar frá 31. maí 2006. Var kröfum ákærða á hendur ríkinu af því tilefni hafnað.

Krafa ákærðu um frávísun málsins frá héraðsdómi byggir á því að ákærðu Jón Ólafsson, Hreggviður Jónsson og Ragnar Birgisson njóti ekki réttlátrar málsmeðferðar í skilningi mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Séu ákærðu nú fyrir dómi bornir sökum um refsiverða háttsemi sem þeim hafi þegar verið ákveðin refsing fyrir með álagningu fyrrgreinds 25% álags á skattstofna og verði þeim því ekki refsað öðru sinni fyrir sömu ætluðu háttsemi vegna ákvæða 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Vísa ákærðu um þennan skilning sinn meðal annars til dóma mannréttindadómstólsins, sem þeir telja að fjalli um sambærileg álitafni og byggja á að túlkun 4. gr. 7. viðaukans hljóti að taka mið af fordæmum dómstólsins, enda gangi ákvæðið frammar 2. mgr. 138. gr. laga nr. 19/1991 ef misræmi reynist vera fyrir hendi.

Í 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um að enginn skuli sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hafi þegar verið sýknaður af eða sakfelldur fyrir með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis. Ljóst hefur þótt af erlendum texta ákvæðisins að þýðingin á íslensku sé ekki í fullu samræmi við hann. Hefur mannréttindadómstóllinn túlkað ákvæðið svo að málsmeðferð fyrir stjórnvöldum og eftirfarandi ákvörðun viðurlaga á stjórnsýslustigi geti fallið undir ákvæðið að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum og að ekki verði áskilið að um meðferð fyrir dómi sé að ræða í öllum tilvikum. Fær sá skilningur stoð í upprunalegum texta ákvæðisins. Eitt af þeim skilyrðum sem ákvæði þetta setur er að endanleg ákvörðun liggi fyrir um viðurlög sem telja megi refsingu í skilningi mannréttindasáttmála Evrópu. Er þá litið til þess að hugtakið refsing skuli skýrt með sama hætti án tillits til þess um hvaða ákvæði sáttmálans sé að ræða. Ákærðu hafa lýst yfir að málum þeirra sé nú endanlega lokið innan skattkerfisins og að engin ágreiningsmál vegna skattamála þeirra séu þar til meðferðar. Gögn málsins gefa ekki til kynna að til meðferðar séu nú frekari mál á hendur ákærðu vegna skattskila þeirra. Þá eru frestir til slíkra málskota nú liðnir. Verður því talið að fyrir liggi endanleg ákvörðun um viðurlög í skilningi 4. gr. 7. viðauka mannréttindasáttmálans á hendur ákærðu innan skattkerfisins.

Svo sem áður er rakið gerir ákvæði 4. gr. 7. viðauka við mannréttinda sáttmálann þá kröfu til aðildarríkja að tiltekna ákvarðanir í málum þar sem fjallað er um refsiverða háttsemi öðlist neikvæð efnisleg réttaráhrif. Slíkar ákvarðanir verða með öðrum orðum að girða fyrir nýja málsmeðferð eða refsingu fyrir sömu háttsemi. Að baki þeirri meginreglu eru fyrst og fremst talin búa sjónarmið um að sá sem þurfi að sæta opinberri málsmeðferð vegna gruns um refsiverða háttsemi eigi að geta treyst því að endanleg úrlausn málsins feli jafnframt í sér lok afskipta hins opinbera af lífi þeirra og hagsmunum vegna hinnar tilteknu háttsemi. Það kunnir að skapa óþolandi óvissu fyrir þann sem t.d. hafi verið sýknaður af ákæru um refsiverða háttsemi að vita til þess að hann þurfi hugsanlega síðar meir að standa frammi fyrir ákæru og málsmeðferð af sama tilefni, en mannréttindadómstóllinn er talinn hafa ítrekað lagt til grundvallar að markmið 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka sé að girða fyrir að málsmeðferð þar sem endanlega sé leyst úr því hvort maður hafi gerst sekur um refsivert brot sé endurtekin.

Í dómi mannréttindadómstólsins í máli Engel o.fl. gegn Hollandi frá 8. júní 1976 lagði dómstóllinn grunninn að baki þrem túlkunarviðmiðum sem síðar hafa verið talin ráðandi við afmörkun á hugtakinu refsivert brot í merkingu ákvæðisins í 1. gr. 6. gr. mannréttindasáttmálans. Í fyrsta lagi verði að líta til þess hvernig háttsemin sé skilgreind í landsrétti. Það skilyrði hefur þó hefur ekki verið talið ráða úrslitum. Í öðru lagi verði að meta raunverulegt eðli háttseminnar. Í þriðja lagi verði síðan að meta hversu þungbær viðurlögin séu sem viðkomandi megi eiga á hættu að þurfa að sæta. Þá hefur verið talið að beita eigi samræmisskýringu 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans. Út frá því virðist mega álykta að fyrrnefnd ákvæði leiði til þess að stjórnvaldsákvarðanir um beitingu refsikenndra viðurlaga, sem taldar yrðu refsingar samkvæmt hinum svonefndu „Engel viðmiðunum“, hefðu neikvæð efnisleg réttaráhrif. Íslensk lög kveða á um bann við því að maður sæti að nýju opinberri ákæru vegna kröfu um refsingu sem þegar hefur verið dæmd að efni til í opinberu máli, sbr. 2. mgr. 138. gr. laga nr. 19/1991.

Hið umdeilda ákvæði skattalaga sem hér er til skoðunar gagnvart 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála og 2. mgr. 138. gr. laga nr. 19/1991 er títtnefnd 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003, sem samhljóða er fyrirrennara í 2. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981. Samkvæmt ákvæðinu má skattstjóri bæta 25% álagi við áætlaða eða vantalda skattstofna séu annmarkar á framtali eða einstakir liðir ranglega fram taldir. Bæti skattaðili úr annmörkum eða leiðrétti einstaka liði á framtali áður en álagning fer fram má skattstjóri þó eigi bæta hærra álagi en 15%. Samkvæmt 3. gr. 108. gr. laganna skal fella álagið niður ef skattaðili færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um annmarka á framtali eða vanskil þess, að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því að hann hafi skilað framtali á réttum tíma, bætti úr annmörkum á framtali eða leiðrétti einstaka liði þess. Um refsingar vegna brota á lögnum fer eftir 109. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. skal skattskyldur aðili greiða fésekt allt að tífoldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem undan var dreginn og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfoldri skattfjárhæð skýri hann af ásetningi eða stórfelldu hirðuleysi rangt eða villandi frá því sem máli skiptir um tekjuskatt sinn. Skattur af álagi samkvæmt 108. gr. skal dragast frá sektarfjárhæðinni. Samkvæmt 2. mgr. 109. gr. varðar það brot fésektum hafi skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að telja fram til skatts. Skal skattur af álagi samkvæmt 108. gr. einnig dragast frá sektarfjárhæð.

Skilyrði álagsbeitingar samkvæmt 108. gr. laga nr. 90/2003 beinast öll að því að skattaðili hafi með einum eða öðrum hætti vanrækt að fylgja ákvæðum laganna við skattskil sín. Þegar litið er til niðurfellingarheimildar 3. mgr. 108. gr. verða þau atvik sem eiga að verða grundvöllur álagsbeitingar að verða rakin til meðvitaðrar vanrækslu skattaðilans. Af lestri 108. gr. og í ljósi tilvísunar refsíákvæðis 109. gr., má draga þá ályktun að raunverulegt eðli álagsbeitingar skattstjóra sé sambærilegt við eðli refsikendra viðurlaga sem ætlað er að hafa almenn og sérstök varnaðaráhrif gagnvart framtalsskyldum aðilum. Álag það sem ríkisskattstjóri lagði á vantalda skattstofna ákærðu nam umtalsverðum fjárhæðum, þegar tekið er tillit til þeirra fjárhæða sem um ræðir í samanburði við vantalda skattstofna ákærðu. Þegar öll framangreind atriði eru virt er það niðurstaða dómsins að álagsbeiting skattstjóra á grundvelli 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 teljist til refsivíðurlaga í tilefni af refsiverðri háttsemi í merkingu ákvæðis 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála með þeim afleiðingum að falli einnig innan gildissviðs 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðauka við sáttmálann. Með hliðsjón af því hafa ákærðu Jón Ólafsson, Hreggviður Jónsson og Ragnar Birgisson, að því er eigin skattskil varðar, sætt viðurlögum í formi 25% skattálags sem talið verður að sé refsing í skilningi 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðauka og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála. Verður þeim í ljósi ákvæða 2. mgr. 138. gr. laga nr. 19/1991 ekki gert að sæta frekari refsingu vegna þeirrar sömu háttsemi í máli þessu.

Ákærðu Jóni Ólafssyni, Hreggviði Jónssyni og Ragnari Birgissyni er í IV. til VI. kafla ákæru gefin að sök brot framin í rekstri lögaðilanna Norðurljósa, samskiptafélags hf., Skífunnar hf. og Íslenska útvarpsfélagsins hf. Samkvæmt ákæruskjali hafði ákærði Jón Ólafsson stöðu stjórnarformanns Norðurljósa samskiptafélags hf. en ákærði Hreggviður stöðu framkvæmdastjóra félagsins. Ákærði Jón hafði stöðu stjórnarformanns Skífunnar hf. en ákærði Ragnar stöðu framkvæmdastjóra. Að því er rekstur Íslenska útvarpsfélagsins hf. varðar hafði ákærði Jón stöðu stjórnarformanns þess félags en ákærði Hreggviður stöðu framkvæmdastjóra.

Framangreindum lögaðilum var gert að sæta skattálagi samkvæmt skattalögum vegna þeirra brota sem lýst er í IV. til VI. kafla ákæru. Með úrskurði ríkisskattstjóra 26. október 2005 var kveðið á um skattbreytingar til hækkunar fyrir gjaldárin 1999 til og með 2002 á opinberum gjöldum, tryggingargjaldi og staðgreiðslu vegna lögaðilans Norðurljósa, samskiptafélags hf. Við skattbreytingarnar ákvarðaði ríkisskattstjóri skattaðilann álag á vanskilafé vegna staðgreiðslu samkvæmt 1. og 2. tl. 28. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og var um að ræða 10% álag af upphæð vanskilafjárins, svo og álag í samræmi við dráttarvexti Seðlabanka Íslands. Samkvæmt þessu var álagi beitt vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Með úrskurði ríkisskattstjóra 29. desember 2004 var kveðið á um skattbreytingar til hækkunar fyrir gjaldárin 1999 til og með 2002 á opinberum gjöldum, virðisaukaskatti og staðgreiðslu vegna lögaðilans Skífunnar hf. Við ákvörðunina var beitt 10% álagi á vantalda gjaldstofna vegna vangreidds virðisaukaskatts, sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988. Þá ákvarðaði ríkisskattstjóri 10% álag á vanskilafé vegna staðgreiðslu, svo og álag í samræmi við dráttarvexti Seðlabanka Íslands samkvæmt 1. og 2. tl. 28. gr. laga nr. 45/1987. Með kæru 29. mars 2005 var úrskurði ríkisskattstjóra skotið til yfirskattanefndar, sem í úrskurði 8. nóvember

2006 gerði óverulegar breytingar á innskatti lögaðilans árið 2001, en hafnaði að öðru leyti kröfum hans. Samkvæmt þessu var álagi beitt vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt.

Með úrskurði ríkisskattstjóra 30. desember 2003 var kveðið á um skattbreytingar til hækkunar fyrir gjaldárin 1998 og 1999 á tekjuskatti lögaðilans Íslenska útvarpsfélagsins hf. Var 25% álag lagt á gjaldstofna samkvæmt 2. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981 vegna vantalins tekjuskatts. Með kæru 29. mars 2004 skaut Íslenska útvarpsfélagið hf. endurákvörðun opinberra gjalda lögaðilans gjaldárin 1998 og 1999 til yfirskattanefndar. Kvað yfirskattanefnd upp úrskurð sinn í málinu 20. júlí 2005 þar sem fallist var á tiltekinn frádrátt vegna yfirfærðs rekstrartaps en að öðru leyti var kröfum kæranda vísað frá nefndinni eða hafnað. Með úrskurði ríkisskattstjóra 30. desember 2005 endurákvæðaði ríkisskattstjóri tekjuskattsstofn lögaðilans gjaldárið 2000. Var þá samkvæmt úrskurðinum lagt á 25% álag samkvæmt heimild í 2. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981 á vantalinn tekjuskattsstofn. Loks var með úrskurði ríkisskattstjóra 29. mars 2006 kveðið á um skattbreytingar til hækkunar fyrir gjaldárin 1998 til og með 2002 á opinberum gjöldum, virðisaukaskatti, tryggingargjald og staðgreiðslu vegna lögaðilans. Við þá endurákvörðun var álagi samkvæmt 27. gr. laga nr. 50/1988 beitt vegna vangoldins virðisaukaskatts, en samkvæmt ákvæðinu má virðisaukaskattur að hámarki nema 10% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er. Þá var beitt álagi samkvæmt 1. og 2. tl. 28. gr. laga nr. 45/1987 vegna staðgreiðslu, 10% af upphæð vanskilafjár svo og álag í samræmi við dráttarvexti Seðlabanka Íslands. Samkvæmt þessu var álagi beitt vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um tekjuskatt.

Samkvæmt ákæru er ákærðu gefið að sök varðandi rekstur framangreindra lögaðila brot gegn 1. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987 og 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Að auki er á því byggt að ákærðu Jón Ólafsson og Hreggviður Jónsson hafi brotið gegn tilgreindum ákvæðum laga um bókhald, nr. 145/1999 og laga um ársreikninga nr. 3/2006. Er á því byggt að ákærðu sem fyrirsvarsmenn greindra lögaðila hafi brotið gegn tilgreindum ákvæðum laga. Við úrlausn um hvort rétt sé að líta svo á að verið sé að gera ákærðu refsingu á nýjan leik með því að þeim verði dæmd refsing fyrir þau brot sem hér eru til meðferðar er til þess að líta að í framangreindum lögum er við það miðað að álag sem bætt hefur verið á vantalda skattstofna skuli dragast frá sektarfjárhæð í refsimáli. Álag það sem lagt hefur verið á lögaðilana nemur frá 10% til 25% á vantalda skattstofna. Ekki verður álagi beitt vegna þess hvernig farið hefur verið með tryggingargjald eða opinber gjöld lögaðilanna þar sem lagastoð skortir fyrir því. Ríkisskattstjóri hefur hins vegar ákvarðað skattaðilunum álag eftir ákvæðum skattalaga og hefur álagið, í ljósi samspila þess við refsíákvæði laganna um frádrátt álags frá refsingu, yfir sér það yfirbragð að vera refsikennd viðurlög í skilningi 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu.

Úrlausnarefnið hér er hvort ákvæði 2. mgr. 138. gr. laga nr. 19/1991 girði fyrir að heimilt sé að ákvarða ákærðu refsingu fyrir brot sem viðkomandi lögaðilum hafa þegar verið ákvörðuð refsikennd viðurlög fyrir. Í ljósi niðurstöðu dómsins hér að framan varðandi persónuleg skattskil ákærðu er slegið föstu að álag á vantalda skattstofna verði talið refsing í skilningi 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Verður það talið eiga við um álag hvort sem er á

grundvelli laga nr. 90/2003, nr. 45/1987 eða nr. 50/1988. Skattyfirvöld hafa þegar ákvarðað lögaðilunum refsingu vegna háttsemi ákærðu á fyrri stigum sem fyrirvarsmanna félaganna. Hefur krafa þessi því verið dæmd að efni til á fyrri stigum. Standa ákvæði 2. mgr. 138. gr. laga nr. 19/1991 því í vegi að unnt sé að dæma sömu kröfu að efni til. Verður ákæru á hendur ákærðu Jóni Ólafssyni, Hreggvið Jónssyni og Ragnari Birgissyni vegna skattskila lögaðilanna Norðurljósa, samskiptafélags hf., Skífunnar hf. og Íslenska útvarpsfélagsins hf., samkvæmt IV. til VI. kafla ákæru einnig vísað frá dómi.

Eftir standa sakargiftir á hendur ákærða Símoni Ásgeiri Gunnarssyni. Krafa ákærða um frávísun málsins byggir á því að mál hans hafi dregist með þeim hætti hjá skattyfirvöldum og ríkislögreglustjóra að drátturinn sé slíkur að skylt sé að vísa málinu frá dómi af þeim sökum. Dráttur á meðferð máls hefur til þessa leitt til þess í dómafrankvæmd að tillit sé tekið til þess við ákvörðun refsingar í máli. Hefur Hæstiréttur Íslands farið fyrir og mótað réttarfrankvæmd að þessu leyti. Að mati dómsins verða athugasemdir í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 385/2007 sem dæmt var 5. júní 2008 ekki skildar á þann veg að rétturinn hafi með þeim verið að móta nýja frankvæmd sem viðbrögð við drætti á meðferð máls. Þó svo dráttur á meðferð þessa máls sé lengri en almennt þekkist við meðferð sakamála verður þessum frávísunarkröfum ákærða engu að síður hafnað, sem og öðrum af hans hálfu sem grundvelli að frávísun málsins.

Um greiðslu málsvarnarlauna verjenda ákærðu fer svo sem í dómsorði greinir og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Í ljósi afdrifa kröfu ákærða Símonar Ásgeirs verður ekki kveðið á um greiðslu málsvarnarlauna til handa verjenda hans, en ákvörðun um þau bíður efnisdóms í málinu.

Úrskurð þennan kveður upp Símon Sigvaldason héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi að því er varðar ákærðu Jón Ólafsson, Hreggvið Jónsson og Ragnar Birgisson.

Kröfu ákærða, Símonar Ásgeirs Gunnarssonar, um að málinu sé vísað frá dómi, er hafnað.

Úr ríkissjóði greiðast málsvarnarlaun skipaðs verjenda ákærða Jóns Ólafssonar, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns 1.993.992 krónur, málsvarnarlaun skipaðs verjenda ákærða Hreggviðs Jónssonar, Kristins Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, 1.185.240 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjenda ákærða Ragnars Birgissonar, Ragnars Halldórs Hall hæstaréttarlögmanns 557.760 krónur.

Símon Sigvaldason

